



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
14. nóvember 2011
266. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000


REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reynsluáætlunum Capacent Gallup apríl - júní 2011



Tekur upp bestu lögin
Hljómsveitin Papar gefur
út safnplötu með bestu
lögnum á næstunni.
fólk 30

Í leit að liðnum tíma
Þótt framsóknarmenn
bauli Ísland er land þitt á
fundum eru þeir ekki þar
með orðin að fasistum,
segir Guðmundur Andri.
umræðan 13



Metaregn í sundinu
Hin sextán ára Eygló Ósk
Gústafsdóttir setti þrettán
met á ÍM í sundi.
sport 24

veðrið í dag

STREKKINGSVINDUR um landið sunnan- og vestanvert og rigning í fyrstu en bjart með köflum norðaustanlands. Hlýnandi veður.

VEDUR 4

Níu dauðsföll vegna offitu

Dánarorsök níu Íslendinga, átta kvenna og eins karls, hefur verið skráð offita á síðustu árum. Búast má við hrinu ótímabærra dauðsfalla á næstu árum verði ekkert að gert, segir forstöðulæknir Hjartaverndar.

HEILBRIGÐISMÁL Átta konur og einn karl hafa dáð úr offitu hér á landi síðan árið 2002, samkvæmt dánarmeinaskrá Landlæknis. Þrjár konur létust árið 2009 og er það mesti fjöldi sem skráður hefur verið. Ekki eru komnar tölur frá Landlækni fyrir árið 2010.

Íslenska þjóðin er sú feitasta á Vesturlöndum á eftir þeirri bandarísku og í sjötta sæti af ríkjum OECD. Árið 1990 voru átta prósent þjóðarinnar of feit og var hlutfallið orðið 12 prósent árið 2002. Hlutfallið hefur hækkad mikið síðan þá og árið 2009 mældist 21 prósent Íslendinga með offitu.

Vilmundur Guðnason, prófessor við Háskóla Íslands og forstöðulæknir Hjartaverndar, segir að ef ekkert verði að gert megi búast

Mennt verða að átta sig á því að offitan er hinn þögli dauði.

VILMUNDUR GUÐNASON
PRÓFESSOR OG FORSTÖÐULÆKNIR

við hrinu ótímabærra dauðsfalla á næstu árum og áratugum.

„Það getur orðið sprenging í hjartaáfallum á næstu árum. Á því er ekki nokkur einasti vafi að ef ekki verður brugðist við þessu stöndum við frammi fyrir ótímabærum dauðsföllum í auknum mæli,“ útskýrir Vilmundur. Hann segir dauðsföllum af völdum hjartaáfalls þó hafa fækkað á síðustu árum og það skýrist langmest af minni neyslu kolesteróls og mettaðrar fitu, breytingar á

reykingavenjum og lækkun blóðþrýstings.

„Þetta voru um 300 dauðsföll á ári sem spöruðust við breytingu á lífstíl. En þyngdin vann þar á móti,“ segir hann. „Menn verða að átta sig á því að offitan er hinn þögli dauði.“

Vilmundur hefur séð mikla fjölgun offitusjúklinga á síðustu árum og þá sér í lagi fjölgun þess fólks sem er lífshættulega feitt. „Það er fólk sem getur ekki hreyft sig, getur ekki séð um sig sjálft og er sennilega um eða yfir 200 kíló. Maður hefur séð mikla fjölgun einstaklinga með það vandamál.“

Um 350 manns eru nú á biðlista eftir því að komast í offitumeðferð á Reykjalundi, eins og greint var frá í fréttum Stöðvar 2 í síðustu viku. Um 100 manns geta verið í fullri meðferð í einu,

Dauðsföll vegna offitu

Ár	Karlar	Konur
2002	1	0
2003	0	1
2004	0	1
2005	0	2
2006	0	0
2007	0	0
2008	0	1
2009	0	3

Heimild: Landlækniseinbættið

en stofnunin fær um 250 til 270 beidnir á hverju ári. Dæmi eru um að fólk sem vill komast í meðferð sé í þrefaldri kjörþyngd, en sem stendur er um 17 mánaða bið eftir meðferð.



TAKTFÖST TILPRIF Dansinn dunaði í Laugardagshöllinni um helgina og voru þau Hrefna Dís Halldórsdóttir og Steinþór Össurason sigursæl. Þarið landaði Norður-Evrópumeistararitli í latindönsum og lenti síðan í 1. sæti í ungmennaflokki og 4. sæti í fullorðinsflokki á WDFS Iceland Open sem fór fram í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Capacent mælir mikinn viðsnúning í lífsmati Íslendinga á síðustu tólf mánuðum: Segjast dafna betur og basla minna

FÓLK Miklu fleiri Íslendingar segjast nú dafna og miklu færri vera í basli en fyrir ári. Þetta kemur fram í könnun Capacent sem ætlað að varpa ljósi á lífan íslensku þjóðarinnar.

Niðurstöðurnar eru birtar í tímariti Capacent, Straumum. Þátttakendum í könnuninni er skipt í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum eru þeir sem „dafna“, það er fólk sem metur líf sitt gott í augnablikinu og sér fyrir sér að það verði jafn gott eða betra eftir fimm ár. Í næsta hópnum eru þeir sem eru „í basli“, telja stöðu sína annað hvort ekki góða í augnablikinu eða er svartstýnt á stöðuna eftir fimm ár. Þriðji hópurinn er fólk í „þreng-

65% þátttakenda í könnun Capacent meta líf sitt gott í augnablikinu og sjá fyrir sér að það verði jafn gott eða betra eftir fimm ár.

HEIMILD: CAPACENT

ingum“; það gefur lífi sínu í dag lága einkunn og sjá ekki fram á betri tíma eftir fimm ár.

Miðað við sams konar mælingu um miðjan október í fyrra hefur þeim sem Capacent segir „dafna“

og setur í fyrsta flokk fjölgað úr 43,5 prósentum í 65,4 prósent. Það er hæsta gildið síðan þessar mælingar hófust á fyrra hluta síðasta árs. Þeim sem teljast vera í basli hefur að sama skapi fækkað mjög mikið, úr 53,2 prósentum í 32,3 prósent. Í síðasta flokkinn setur Capacent nú 2,3 prósent, sem er nálægt því gildi sem mælst hefur að meðaltali.

Capacent segir að þótt þróunin sé jákvæð séu mælingarnar sveiflукenndar. „Mat Íslendinga á lífi sínu virðist vera nokkuð brotthætt og verða fyrir áhrifum af atburðum í umhverfinu,“ segir Capacent.

- gar

Mætir með gámahús á jökul: Heldur hita á stórstjörnum

FÓLK „Maður er að reyna að skapa sér eitthvað meðfram öðrum verkefnum,“ segir Gísli D. Reynisson, eigandi Mýrdælings, fyrirtækis sem sérhæfir sig í fjölbreytilegum verkefnum í Vík og næsta nágrenni.

Gísli og fyrirtæki hans verða starfslíði Game of Thrones innan handar, en tókur hefjast í lok þessa mánaðar. „Þeir eru aðallega að hugsa um gámahúsin. Ég get sett þau niður hvar sem er og er með hita á þeim þannig að leikararnir geta farið inn og ornað sér þegar þeir eiga stund milli stríða,“ segir hann.

Gísli er eldri en tvívetra í þessum bransa og hóf að aðstoða kvikmyndatökufólk fyrir tíu árum, en Vík og nágrenni hafa verið vinsæll tókustaður hjá erlendu kvikmyndagerðarfólki. - fgg / sjá síðu 30

Báru- og trapisu ál, margir litir

ALTAK
Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

Ný bragðtegund. Karamella!

Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

SPURNING DAGSINS



Ármann, hlupuð þið á vegg?

„Nei, meirihlutinn hljóp á sig.“

Ármann Kr. Ólafsson er oddviti sjálfstæðismanna sem fengu ekki samþykktu í bæjarstjórn Kópavogs tillögu um að veita maraþonhlaupara úr Breiðablíki milljón krónu styrk til að undibúa sig fyrir Ólympíuleika. Meirihlutinn sagði beiðnir eiga að koma frá íþróttamönnum sjálfum eða félögum þeirra.

Opin réttarhöld yfir Breivik: Fær að útskýra hryðjuverkin

NOREGUR Réttarhöldin yfir hryðjuverkamanninum Anders Behring Breivik, sem hefjast í dag, verða opin almenningi. Fjölmíðlafólk,



ANDERS BREIVIK

aðstandendur fórnarlamba Breiviks og þeir sem lifðu voðaverkin af hafa boðað komu sína í réttarsal og búist er við miklum fjölda.

Ákvörðun dómara um að leyfa opin réttarhöld kom Breivik á óvart, samkvæmt lögfræðingum hans. Breivik ætlar að útskýra hvers vegna hann taldi nauðsynlegt að fremja voðaverkin í Osló og Útey síðasta sumar, en hann mun ekki hafa sýnt nein merki iðrunar eftir að hafa banað 77 manns hinn 22. júlí síðastliðinn. - áþ

Sást síðast seint á föstudag: Lögreglan lýsir eftir Sævaldi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir Sævaldi Herði Harðarsyni. Sævaldur er 31 árs.

Síðast er vitað um ferðir Sævaldar í Reykjavík seint á föstudag. Talið er að hann sé klæddur í dökka yfirhöfn og bláar gallabuxur og sé í svörtum skóm. Sævaldur er 185 sentimetrar á hæð, 80 til 85 kíló. Hann er með blá augu og stutt, dökkt há. Peir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. - þeb



SÆVALDUR HARBARSON

Síðast er vitað um ferðir Sævaldar í Reykjavík seint á föstudag. Talið er að hann sé klæddur í dökka yfirhöfn og bláar gallabuxur og sé í svörtum skóm. Sævaldur er 185 sentimetrar á hæð, 80 til 85 kíló. Hann er með blá augu og stutt, dökkt há. Peir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. - þeb

Umboðsmaður Alþingis spyr hvort leikskólastjórum hafi verið bannað að svara:

Borgin skýri hömlur á tjáningarfrelsi

REYKJAVÍKURBORG Umboðsmaður Alþingis vill að Reykjavíkurborg svari því hvort leikskólastjórum hafi verið skipað að svara ekki spurningum Ríkisútvarpsins um laus pláss á leikskólum og hver hafi þá gefið þau fyrirmæli og á hvaða grundvelli.

„Eitt af því sem umboðsmaður Alþingis gætir að í eftirliti sínu með starfsemi stjórnvalda er hvort lagðar eru hömlur á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna eða möguleika forstöðumanna á að veita þeim sem þess óska upplýsingar um starfsemi sína með tilheyrandi takmörkunum á möguleikum almenningis til upp-



RÁÐHÚSIÐ Borgaryfirvöld þurfa að svara hver skipaði leikskólastjórum að svara ekki spurningum RÚV um laus leikskólalássa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lýstrar umræðu,“ segir í tilkynningu umboðsmanns.

„Óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um það á hvaða lagagrundvelli synjun Reykjavíkurborgar á

beiðni fréttastofu Ríkisútvarpsins um upplýsingar um fjölda lausra pláss í leikskólum borgarinnar byggðist,“ segir umboðsmaður, sem vill afrit af samskiptum borgarinnar við leikskólastjóra vegna fyrirspurnar RÚV.

Í grein í Fréttablaðinu á laugardag sagði Jón Gnarr borgarstjóri engar hömlur hafa verið settar á tjáningarfrelsi leikskólastjóra. Þeir hefðu fengið „vinsamlega ábendingu“ frá fagstjóra skólans um að beina fyrirspurnum til upplýsingadeildar til að „ tryggja samræmd svör“.

- gar

Kirkjukórarar hætta að syngja vegna þreytu

Meðlimir kirkjukóranna í Sandgerði og í Garði segjast orðnir svo langþreyttir á starfinu að þeir séu hætta. Formaður sóknarnefndar í Sandgerði segir að organistanum hafi verið sagt upp en sóknarpresturinn geti þó leikið á gítar.

FÓLK „Þetta var orðin kvöð og við eiginlega gáfumst bara upp,“ segir Margrét Böðvarsdóttir, formaður kirkjukórs Hvalsnessóknar sem nú er hættur að syngja við guðsþjónustur í Sandgerði.

Kirkjukórinn í Útskálaskókn í Garði hætta líka á sama tíma. Margrét segir ástæðurnar nokkrar. Fyrst og fremst hafi þó ráðið mannekla og að meðlimir kóranna hafi verið orðnir langþreyttir. Síðasti fasti karlsöngvarinn í Hvalsnesskórnunum hafi hætta 2004 og þar séu aðeins nú konur eftir, sem flestar séu um fimmtugt og yfir sjötugt. Þegar best lét hafi verið 25 manns í kórnum, þar af fimm karlar. Í Útskálaskókn sé svipuð staða þótt þar sé einn karl í kórnum. Ekkert hafi gengið að fá nýja meðlimi í kórana enda kærri sig fæstir um þá bindingu sem felist í því að syngja í messu aðra hverja helgi og við aðrar athafnir.

„Kórstjórnin hefur þurft að vera að snapa saman kórnum, hann reddaði þeim oftast nær úr Keflavík,“ segir Margrét, sem segir kórana tvo hafa hjálpast að og meðal annars verið með sameiginlegan kór fyrir jarðarfari.

Margrét jatar að það hafi verið mikil viðbrigði þegar kórinn hætta í október. Sjálf hafi hún verið í tuttugu ár í kórnum og sumar miklu lengur. „Jólin verða skrítn en maður fer þó auðvitað í messu,“ segir Margrét, sem kveður jóla- og adventusálmanna einmitt hafa verið sitt uppahald.

Margrét segist vonast til að eitthvað rættist úr söngmálum í Hvalsnessókn. „Vonandi vekur þetta einhvern til umhugsunar. Ef fleira fólk hefði komið í kórinn hefðum



SUNGIÐ Í HVALSNESKIRKJU Í apríl 1998 var engin mannekla í kirkjukór Hvalsneskirkju. Síðasta karlsöngvarinn hætta hins vegar 2004 og konurnar sem nú voru eftir orka ekki meir.

MYNDIR/REYNIR SVEINSSON

við flestar haldið áfram. Vonandi gerist það. Það er ekki öll nótt úti enn,“ segir hún vongóð.

Reynir Sveinsson, formaður sóknarnefndar Hvalsneskirkju, segir málið meðal annars tengjast ört minnkandi tekjum sóknanna tveggja. Ekki aðeins sé kórinn í Hvalsnessókn hættur heldur hafi verið nauðsynlegt að segja organistanum upp. Þó sé ekki fokið í öll skjól fyrir söngelska Sandgerðinga þótt bæði organistinn og kórinn séu á braut. „Við erum með mjög fjölbáfan prest sem getur tekið í gítar í hvaða athöfn sem er.“ Séra Sigurður Grétar Sigurðsson er sameiginlegur prestur fyrir sóknirnar tvær.

Tónlistarmálin í sóknunum tveimur eru ekki útrædd. Til



HVALSNESKIRKJA Organistinn farinn og meðlimir kirkjukórsins eru þagnaðir.

dæmis verður málið á dagskrá almenns safnaðarfundar í Útskálakirkju í kvöld. „Hvað viljum við sjá? Kirkjukór, hljómsveit, einsöngvara, almennan söng, engan söng, allt þetta, ekkert af þessu?“ er spurt í fundarboði.

gar@frettabladid.is

Lions gegn sykursýki:

Þjóða ókeypis sykursmælingu

HEILBRIGÐISMÁL Lions-hreyfingin býður upp á ókeypis blóðsykursmælingar víðs vegar um landið í dag í tilefni af alþjóðlega sykursýkisvarnardegnum.

Lions-hreyfingin segir áunna sykursýki 2 þann sjúkdóm sem sé í mestri sókn á Vesturlöndum og talið sé að um 100 Íslendingar þjáist af sjúkdómnum án þess að vita það.

Blóðsykursmælingar fara fram víða um land í dag og er hægt að kynna sér málið á vef Lions-hreyfingarinnar, lions.is. - áþ

Fjölskylda Svíans sem lést: Afar þakklát björgunarfólki

LÖGREGLUMÁL Daniel Hoij, 25 ára gamall Sví, sem leitað var á Sólheimajökli, fannst látinn ofan í sprungu laust fyrir hádegi á laugardag. Þá hafði staðið yfir leit að honum í tvo og hálfan sólarhring.

Foreldrar Daniels og bróðir sendu í gær frá sér þakkarávarp vegna framlags allra þeirra sem komu að leitinni að Daniel.

„Við erum djúpt þakklát öllum sem komu að björgun okkar kæra sonar og bróður,“ segja Kajs, Dan og Anders Hoij. Fjölskyldan kveður ekkert hafa verið til sparað og öllu fórn að við leitarstarfið. „Aðgerðin var mjög fagleg og við hefðum ekki getað beið um neitt meira,“ segir meðal annars í ávarpi fjölskyldunnar. - gar



DANIEL HOIJ

Lögreglan leitar að jeppa:

Reyndi að tæla dreng upp í bíl

LÖGREGLUMÁL Tólf ára drengur varð fyrir því í gær að maður reyndi að lokka hann upp í bíl í Grindavík. Lögreglunni var strax gert viðvart um atvikið og að hennar sögn bauð maðurinn drengnum samloku ef hann settist upp í bílinn.

Drengurinn hlaup skelkaður heim til sín. Hann gat gefið greinargóða lýsingu á bíl mannsins, sem er dökklár eða svartur Toyota Landcruiser-jeppi.

Lögreglan hafði í gærkvöld ekki fundið bílinn. Því er beint til foreldra að brýna fyrir börnum sínum að fara aldrei upp í bíl með ókunnugum. - áþ

Forseti Ítalíu fékk Mario Monti í gærkvöldi umboð til að mynda nýja ríkisstjórn:

Erfið verkefni bíða nýrrar stjórnar

ÍTALÍA Líklegt er að Mario Monti verði næsti forsætisráðherra Ítalíu eftir að Silvio Berlusconi sagði af sér á laugardag. Monti er hagfræðingur að mennt, rektor Bocconi-háskólans í Mílanó og fyrrverandi fulltrúi í framkvæmdastjórn Evrópu.

Víða var fagnað á götum Rómur á laugardag er Berlusconi gekk á fund forseta Ítalíu, Giorgio Napolitano, og baðst lausnar sem forsætisráðherra landsins. Stuttu síðar kallaði Napolitano Monti á sinn fund og er búist við því að hann feli honum umboð til að mynda bráðabirgðastjórn sem fari með völd fram að næstu þingkosningum. Monti nýtur þó ekki stuðnings Norðurbandalagsins, sem var í stjórn.

Brýnasta verkefni Monti verður að tryggja framgang efnahagsaðgerða sem miða að því að forða landinu frá greiðsluþroti, en Ítalir hafa verið beittir þrýstingi frá Evrópusambandinu um að ná tökum á efnahagsmálum landsins.

Fyrir helgi afgreiddi ítalska þingið efnahagsfrumvarp ríkisstjórnarinnar, sem felur í sér niðurskurð sem hljóðar upp á tæpar sextíu milljarða evra.



NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA Mario Monti var boðaður á fund forseta Ítalíu á laugardag og honum falið umboð til að mynda bráðabirgðastjórn sem færi með völd til næstu þingkosninga.

NORDICPHOTOS/AFP

NÝTT!

Nicotinell Tropical Fruit

15%
AFSLATTUR

Gildir út nóvember

Lyfjaval

Bílaapótek Hæðarsmára
Mjódd • Álftamýri

A P Ó T E K

Lyfjaval.is • sími 577 1160

Samsung hjá Nova!

2.000 kr. notkun
á mán. í 12 mán. fylgir
þessum síma!

Samsung Galaxy S II

6.590 kr. á mán. í 18 mán.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

109.990 kr. staðgreitt



Mögnuð
spjaldtölva!



Samsung Galaxy Tab 10.1 3G/WiFi 16GB

7.990 kr. á mán. í 18 mán.

1 GB í einn mánuð fylgir!*

129.990 kr. staðgreitt

Stýrikerfi: Android 3.1 Honeycomb
Örgjörvi: 1.0 GHz Dual Core Tegra
Minni: 16 GB
Upplausn: 800 x 1280 upplausn
Stærð: 256 x 175 x 8.5mm
Tengingar: 3G, WiFi, GPS

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

*Fylgir með 3G þjónustu Nova í áskrift og frelsi.
Símnottkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 11.11.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	116,33	116,89
Sterlingspund	185,01	185,91
Evra	158,40	159,28
Dönsk króna	21,281	21,405
Norsk króna	20,451	20,571
Sænsk króna	17,420	17,522
Japanskt jen	1,5024	1,5112

SDR 182,43 183,51

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,4918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðverjar leita að vinnuafli:
Senda boð til annarra landa

ÞÝSKALAND, AP Þjóðverjar leita til Grikklands, Portúgal og Spánar eftir vinnuafli, en atvinnuleysi í Þýskalandi hefur ekki verið lægra í 20 ár. Nú mælist 6,6 prósent atvinnuleysi í Þýskalandi og forsvarsmenn fyrirtækja í landinu eru margir orðnir órvæntingarfyllir eftir fagfólki til starfa.

Yfirvöld hafa nú komið á samskiptum við lönd sem hafa orðið illa úti í fjármálakreppunni. Í Grikklandi er atvinnuleysið töluvert, en um 42 prósent íbúa undir 24 ára aldri eru nú án vinnu. - **ap**

NOREGUR

Áfrýjar fangelsisdómi

Morðingi Heidi Thisland-Jensen ætla að áfrýja 15 ára fangelsisdómi sem hann hlaut á föstudag. Honum er gert að greiða syni hennar miskabætur, en hann er búsettur hjá föðurfjölskyldu sinni í Vestmannaeyjum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fannst látinn við Hlemm

Maður fannst látinn á almenningssalerni við Hlemm á laugardagsmorgun. Málið er í rannsókn lögreglu en ekki liggur fyrir hvort andlát mannsins bar að með voveiflegum hætti.

LEIÐRÉTT

Í fréttaskýringu um fyrirtæki í eigu banka sem birtist í Fréttablaðinu á föstudag kom fram að 37,2% hlutur í Eimskipum væri í eigu Horns fjárfestingarfélag, dótturfélags nýja Landsbankans. Það er ekki rétt. Protubú gamla Landsbankans á þann hlut en eign Horns í félaginu er 3,95%. Einnig kom fram að Horn ætti 33,3% í Intrum Justia í Svíþjóð. Það er ekki rétt, heldur á félagið 1,9% hlut. Þá er eignarhlutur Horns í Oslo Bors 6,54% en ekki 7,8% eins og kom fram.

Meirihluti starfsmanna Landspítalans gæti hugsað sér að hjóla eða taka strætó í vinnuna:

Langflestir nota bíl til að komast í vinnu

SAMGÖNGUR Langflestum starfsmönnum Landspítalans, eða 87 prósentum, finnst auðvelt að komast til og frá vinnu, að því er ný könnun á samgönguvenjum þeirra leiddi í ljós. Þeir sem telja erfitt að komast til og frá vinnu segja flestir að það sé vegna of mikillar bílaumferðar, kostnaðar og óhentugra almenningsamgangna.

Langflestir nota einkabílinn til að komast til og frá vinnu. Notendum einkabíls hefur fækkað úr 80 prósentum í 73 prósent frá árinu 2008. Tvöfalt fleiri nota nú

strætó en þá. Flestir nota bílinn vegna þess að þeim finnst þeir búa of langt frá spítalanum til þess að ganga eða hjóla og/eða vegna óhentugra almenningsamgangna. Einnig vegna þess að þeir telja ekki raunhæft að nota aðra samgöngumáta þar sem þeir þurfi að koma börnum í og úr leikskóla, skóla, íþróttum og svo framvegis fyrir og eftir vinnu.

Flestir, eða um 60 prósent, gætu hugsað sér að nota annan samgöngumáta en þeir gera nú og flestir þeirra væru til í að hjóla



eða nota strætó. Það sem helst kemur í veg fyrir að menn færi sig yfir á hjól eða í strætó er of mikil fjarlægð frá vinnustað auk þess sem það tekur of langan tíma að nota þessa samgöngumáta.

Niðurstöður könnunarinnar og könnunar á ferðavenjum viðskiptavina og gesta verða notaðar við innleiðingu nýrrar samgöngustefnu spítalans eftir áramót. - **ibs**

LANDSPÍTALINN Flestum sem nota bílinn þykir of langt að ganga eða hjóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill eftirlitsheimildir vegna barnaníðinga

Forstjóri Barnaverndarstofu vill lagaheimild til eftirlits með mönnum með barnagirnd á háu stigi eftir að þeir ljúka afplánun. Dómur frá í síðustu viku undirstreiki þetta. Slíkir menn séu tímasprengjur sem springi fyrr eða síðar.

DÓMSMÁL Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, segir knýjandi að Alþingi samþykki lög sem geri kleift að hafa eftirlit með þeim kynferðisbrotamönnum sem hættulegastir séu börnum.

„Hérlendis eru engar heimildir til eftirlits með kynferðisbrotamönnum sem hlotið hafa dóma og eru búnir að afplána þá,“ segir Bragi. Hann kveður Barnaverndarstofu hafa lagt til við endurskoðun barnaverndarlaga í fyrra að slíkt eftirlit yrði gert heimilt með kynferðisbrotamönnum sem metnir væru mjög hættulegir. Það hafi þó ekki fengist í gegn hjá félagsmálanefnd Alþingis. Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, sagðist á visir. Ís á föstudag vilja Bragi á fund nefndarinnar til að ræða þessi mál.

Bragi segir að gert yrði áhættumat á þeim sem hlytu dóma fyrir kynferðisbrot gegn barni. „Þeim sem eru metnir með mikla áhættu, það er einstaklingum með barnagirnd á háu stigi, þarf beinlínis að hafa eftirlit með eftir afplánun. Þetta hefur reynst mjög vel í Bandaríkjunum og Bretlandi sem dæmi,“ segir Bragi.

Að sögn Braga yrðu menn heimsoptir reglulega og þeim sett skilyrði. „Til dæmis um að þeir megi ekki dvelja undir sama þaki og börn eða vera einir með börnum. Ef þeir séu staðnir að slíku sé það ígildi brots. Þá væru heimildir til að vara þá við sem byggju í næsta nágranni við þessa menn,“ segir



FRÉTTABLAÐIÐ Í SÍÐUSTU VIKU Karlmaður var í síðustu viku dæmdur í sex og hálfis árs fangelsi fyrir afar gróf kynferðisbrot gegn dreng sem dvaldi stundum á heimili hans. Móðir drengsins hafði þó verið vörud við manninum.

Bragi og bætir við að veita yrði viðkomandi strangt aðhald. „Margir þeirra reyna að halda sig á mottunni en þeir ráða ekki við sig sjálfir því þetta er svo sterk árátt. Það eru jafnvel dæmi um að þeir sjálfir séu eftirliti síst mótfallnir.“

Dótt slíkt eftirlit og skilyrði myndi skerða persónufrelsi manna eftir afplánun segir Bragi það vel réttlætlanlegt. Miklir hagsmunir séu í húfi fyrir hugsanlega þolendur. „Ég tel að okkur beri skylda til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að varna því að börn verði fyrir barðinu á þessum mönnum. Þessar lagabætur myndu örugglega forða mörgum börnum í framtíðinni,“ segir hann.

Einnig nefnir Bragi að Barnaverndarstofa þurfi að fá upplýsingar um búsetu manna eftir afplánun og heimild til að tilkynna barnaverndarnefnd á þeim stað um

búsetuna. „Menn með barnagirnd á háu stigi eru gangandi tímasprengjur; síbrotamenn á þessu sviði og geta ekki stöðvað sig nema með verulegri hjálp,“ segir Bragi, sem telur að þennan hóp manna fylli á bilinu fimm til tíu einstaklingar hérlendis.

„Við getum gert svo miklu betur í þessum efnun og þetta nýjasta mál er mjög gott dæmi um það,“ segir Bragi og vísar í dóm yfir manni sem braut á ungum dreng í áráðir þrátt fyrir að lögregla varaði móður drengsins við manninum. „Þessi maður er búinn að fá fimm dóma á einum áratug. Það segir okkur að fælingarmáttur refsingarinnar hefur lítið að segja í þessu tilliti,“ segir Bragi. Dómurinn vekur margar áleitnar spurningar sem þurfi að skoða. „En það er eins gott að hrapa ekki að ályktunum.“
gar@frettabladid.is



VADLAHEIÐI Stjórnin fagnar því að framkvæmdir við göngin geti hafist á næsta ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Akureyrarstofa um göngin:

Endurskoðun fresti málinu

AKUREYRI Stjórn Akureyrarstofu furðar sig á ákvörðun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um að senda forsendur fyrir framkvæmdum Vaðlaheiðarganga til Ríkisendurskoðunar.

Í nýrri bókun stjórnarinnar segir að málið sé komið á loka-stig en úttekt Ríkisendurskoðunar muni óhjákvæmilega fresta afgreiðslu málsins um óákveðinn tíma.

Stjórnin fagnar því að forsendur fyrir göngunum hafi ekki breyst og framkvæmdir eigi að geta hafist á næsta ári. Þó átelur hún þá umræðu að ríkið leggi fram fé úr ríkissjóði til framkvæmdarinnar. Hið rétta sé að það ábyrgist fjármögnun og því mun ekki koma til fé úr ríkissjóði.
- **sv**

SLS

Köfunarbúnaður bilaði

Kafari lenti í kröppum dansi í gær er munstykki á búnaði hans bilaði við köfun í Silfru á Þingvöllum. Lögreglan á Selfossi fór ásamt sjúkraflutningamönnum til að veita kafaranum aðhlyningu en hann var á um 18 metra dýpi þegar búnaðurinn bilaði.

HJÓNABANDSSÆLA
Með Edda Björgvinsdóttur og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni
fyrir Michele Riml

„Edda og Laddi slá í gegn“
- Jón Víðar Þórsson

GAMLA BÍO LEIKHUS

Miðanala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is | Sími: 563 4000


VEDURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veður-
fréttamaður

HLÝINDI
verða á landinu í dag og á morgun en reikna má með 8 til 13 stiga hita á landinu nú síðdegis. Það verða suðlæggar áttir fram eftir vikunni og veður milt þótt það dragi heldur úr hlýindunum eftir morgundaginn.

Á MORGUN
Strekkingur allra vestast, annars hægar.

MIÐVIKUDAGUR
fremur hægar vindur víða um land.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	10°
Berlín	6°
Billund	8°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	24°
London	13°
Mallorca	20°
New York	15°
Orlando	26°
Ósló	2°
París	13°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Nýr valkostur í íbúðalánnum

„Ég vel blandað íbúðalán,
50% óverðtryggt og
50% verðtryggt.“

Ingvi Örn Þorsteinsson, 35 ára.

Viðskiptavinum Arion banka bjóðast nú blönduð íbúðalán sem jafna sveiflur í greiðslubyrði. Hægt er að velja á milli fimm kosta þar sem óverðtryggður hluti lánsins getur verið allt að 100%. Við bjóðum sveigjanleika.

Greiðslubyrði óverðtryggðra og verðtryggðra lána er ólík. Hún er yfirleitt lægri á verðtryggðum lánnum, sérstaklega á fyrri hluta lánstímans. Óverðtryggðum lánnum fylgir hins vegar hærri greiðslubyrði en hraðari eignamyndun og greiðslubyrðin lækkar eftir því sem líður á lánstímann.



Óverðtryggt lán



Blandað lán 1



Blandað lán 3



Verðtryggt lán



Blandað lán 2

Settu saman lán sem tekur mið af fjárhagslegum markmiðum þínum og greiðslugetu.

Þú getur reiknað út hvernig íbúðalán hentar þér á arionbanki.is eða komið til okkar í næsta útibú.

Hvað skiptir þig máli?

KJÖRKASSINN



Notar þú nagladekk?

Já	34,9%
Nei	65,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér að upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna á Íslandi sé ábótavant?

Segðu þína skoðun á vísir.is.



6

Bannað að kalla menn homma í yfirheyrsluæfingum í sænska hernum:

Í lagi að hóta kærustu nauðgun

SVÍPJÓÐ Ekki má saka menn um að vera samkynhneigða innan sænska hersins, en í lagi er að hóta því að nauðga konum þeirra.

Þetta kemur fram í niðurstöðum sænska hersins vegna kvartana eftir nýlega æfingu hjá hernum, þar sem hermenn voru æfdir í því að takast á við að vera haldið sem gíslum. Flugmaður sem tók þátt í æfingunni lagði fram kvörtun. Annars vegar vegna þess að hann var sagður vera hommi og hann látinn fara úr nærfötum. Samkvæmt rannsókn hersins eiga „niðurlægjandi staðhæfingar, eins og hommi,“ ekki



HERMENN Í AFGANISTAN Herpotuflugmaður kvartaði undan æfingum hersins á dögunum.

heima í æfingum á vegum hersins, jafnvel þó að æfingarnar eigi að vera eins raunverulegar og hægt sé.

Í hinu tilvikinu var flugmaðurinn yfirheyrður vegna leynilegra upplýsinga, og þegar hann neitaði að láta slíkar upplýsingar af hendi var honum hótað því að kærustu hans yrði nauðgað fyrir framan hann. Þetta taldi herinn að væri í lagi og hótunin framkvæmd á „faglegan hátt“.

Tekið er fram að nemendur viti að æfingar af þessu tagi geti verið erfiðar. Þeir séu undir miklu andlegu og líkamlegu álagi til að auka getu þeirra til að takast á við að vera gíslar.

- þeb

Ráðstefna Fræðagarðs:

Sameining háskólanna rædd

MENNTAMÁL Kostir og gallar sameiningar háskóla í kjölfar kreppu verða í brennidepli á ráðstefnu sem Fræðagarður, aðildarfélag BHM, efnir til á morgun undir yfirskriftinni Gildi háskólamenntunar – sameining háskólanna, kostir og gallar.

Nokkur umræða hefur verið um sameiningu háskóla í kjölfar kreppunnar en lítið farið fyrir umræðu um hvað eigi að ráða ferðinni við ákvarðanir þar um, segir í tilkynningu. Ráðstefnan er á Hótel Grand og opin öllum.

- shá



TEFLT Í VIN Þegar kemur að skák er ekkert sem heitir kynslóðabil.

MYND/HJ

Vinaskákmót haldið í dag:

Ætla að máta óvissa framtíð

SKÁK Vinafélagið stendur að Vinaskákmótinu í dag í samvinnu við velunnara félagsins; Forlagið, Henson og Sögur útgáfu. Mótið er haldið í Vin, athvarfi Rauða krossins Hverfisgötu 47, en þar er mjög blómlegt skáklíf. Æfingar eru alla mánudaga og reglulega er slegið upp stórmótum. Skákkfélag Vinjar teflir meðal annars fram tveimur sveitum á Íslandsmóti skákkfélaga.

Að undanförunu hefur ríkt óvissa um framtíð Vinjar, sem er gríðastaður fólks með geðraskanir, en allt bendir nú til þess að rekstur athvarfsins verði tryggður með samstilltu átaki.

Tefldar verða sex umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma. Vegleg verðlaun eru í boði.

- shá

STRANDASÝSLA

Allar rjúpur á einkalandi

Strandabyggð bendir rjúpnaskyttum á að þar sem veiði er bönnuð á jörðum sveitarfélagsins; Skeljavík, Víðidalsá og hluta Kálfaness í Steingrímsfirði og Nauteyri við Ísafjarðardjúp, þurfi ávallt leyfi annarra landeigenda til að stunda veiðar því enginn almenn-ingur eða afréttur sé Ströndum og allt land í einkaeigu.

Sársaukafullt ár að baki hjá kirkjunni

Karl Sigurbjörnsson biskup ætlar að láta af embætti næsta sumar. Hann sagði liðið ár hafa verið sársaukafullt og átakamikið vegna biskups málsins og mál Ólafs Skúlasonar væri hörmulegt. Kirkjuþing ræðir úrbætur á þinginu í dag.

TRÚMÁL Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, lætur af embætti næsta sumar. Þetta tilkynnti hann í ávarpi sínu við upphaf kirkjuþings á laugardag. „Nú er þjónustutími minn senn á enda, en skipunartími minn í embætti biskups Íslands rennur út í lok næsta árs, eftir 15 ára þjónustu. Tel ég rétt að nyr biskup taki við næsta sumar. Því er þetta síðasta kirkjuþing sem ég mun sitja,“ sagði biskup í ræðu sinni. Hann sagðist mundu kveðja embættið með þakklæti í huga.

Karl sagði liðið ár hafa verið sársaukafullt og átakamikið í kirkjunni vegna biskups málsins. „Hvernig sem á það er lítið er mál Ólafs Skúlasonar hörmulegt. Sárar og erfiðar tilfinningar andspænis ólýsanlegum fjölskylduharmleik hafa snortið þjóðarsálina djúpt.“ Biskup sagði að farið hefði verið vandlega í gegnum viðbrögð kirkjunnar við þeim málum í skýrslu Rannsóknarnefndar kirkjuþings. Þegar hann hefði tekið við biskups-embætti hefði hann einsett sér að koma á umbótum í meðferð kynferðisbrotamála.

Í dag verður á kirkjuþingi rætt um álit úrbótanefndar um hvernig bregðast skuli við ábendingum sem fram komu í skýrslunni. Fyrir þinginu liggur tillaga um að úrbótanefndin starfi fram að kirkjuþingi á næsta ári svo hægt verði að fullmóta tillögur um fyrirmyndarvinnubrögð.

Biskup ræddi einnig um fjárhagsvanda kirkjunnar og stórfelldan tekjumissi. Hann sagði sóknargjöld hafa lækkað um fimmtung frá fjárlögum ársins 2008 að teknu til-



SÍÐASTA KIRKJUÞINGIÐ Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, tilkynnti á kirkjuþingi að hann hygðist láta af embætti næsta sumar.

MYND/ÞJÓÐKIRKJAN

Gagnrýndi stjórnlagaráð

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings, gagnrýndi tillögur stjórnlagaráðs í setningarávarpi sínu á þinginu. Hann sagði tillögugerð stjórnlagaráðs í málefnum þjóðkirkjunnar skapa óviðunandi óvissu. Hlaupist væri undan þeim vanda að kveða á um hvort hér á landi skyldi vera þjóðkirkja eða ekki. Þá sagði hann það vera stjórnarskrávarinn rétt þjóðarinnar að ákveða hvort þjóðkirkja skyldi vera hér eða ekki. „Framhjá þessum rétti þjóðarinnar verður ekki gengið með sjónhverfingum einum saman.“

liti til úrsagna úr kirkjunni. Á sama tíma hafi greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað um fimm prósent. „Hér kemur í ljós að söfnuðir og sameiginlegir sjóðir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög hafa þurft að axla þyngri byrðar en aðrir.“ Hann sagði einnig að allir þyrftu að takast á við gjörbreyttar

forsendur. Kirkjan hefði þurft að leggja niður prestsembætti, draga saman starfsemi og segja upp starfsfólki. Þá hefði verið gerð endurskoðun á rekstri Skálholts auk þess sem rekstur Tónskóla og Fjölskylduþjónustu þjóðkirkjunnar væri til gagnarrar endurskoðunar.

thorunn@frettabladid.is



INNRÁS Í RÍÓ Lögreglan naut aðstoðar hersins við að hrekja glæpagengi á brott úr einu af fátækrahverfum Rio de Janeiro.

NORDICPHOTOS/AFP

Brasílumenn efla öryggi:

Losa fátæka við glæpagengin

BRASÍLÍA, AP Ríflega þrjú þúsund lögreglumenn gerðu innrás í fátækrahverfi í borginni Rio de Janeiro í Brasílu í gærmorgun.

Íbúar hverfisins eru um 100 þúsund og hafa þurft að búa við yfirráð glæpagengja um langt skeið. Það tók lögreglumenn um 90 mínútur að ná tökum á hverfinu.

Innrásin er sögð mikilvægur þáttur í að gera Rio de Janeiro að öruggari borg áður en heimsmeistararnótið í fótbolta fer fram í borginni 2014 og Ólympíuleikar tveimur árum síðar.

- áþ

Stjórnendur í Danmörku:

Helmingurinn hafnar feitur

DANMÖRK Sjötti hver stjórnandi í Danmörku, eða 16 prósent, ræður ekki allt of þunga einstaklinga í vinnu. Þetta sýnir könnun samtakanna Lederne. Könnunin leiðir jafnframt í ljós að 33 prósent munu að einhverju leyti reyna að komast hjá því að ráða allt of þunga í vinnu, að því er greint er frá á vef Jyllands-Posten.

Þar segir jafnframt að 1 prósent prósent stjórnenda hafi rekið starfsmann vegna ofþyngdar og að 7 prósent hafi beðið starfsmann um að grenna sig. Þátttakendur í könnuninni voru 1.637. - ibs

Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



HÚN ER LOKSINS KOMIN!

RISA


BRANDARABÓK ANDRÉSAR!

BÚIN
TIL AF
LESENDUM
ANDRÉSAR!

Hún er hnauspykk og sjúklega fyndin brandarabók
sem fær þig til að bilast úr hlátri!
Náðu þér í eintak núna í næstu verslun!

YFIR
1000
BRANDARAR
288
BLAÐSÍÐUR

Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS





- 1 Hvað heitir nýttkomin skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur?
- 2 Hver fer með hlutverk Nínu Tryggvadóttur í kvikmyndinni Kill the Poet?
- 3 Hver verður kynnr við afhendingu Óskarsverðlaunanna?

SVÖR


1. Jóló, 2. Nína Dógs-Filippusdóttir, 3. Billy Chrystal.

Landverðir og sjálfboðaliðar í erfiðri útvinnu við Vonarskarð:

Stikuðu tugi kílómetra gönguleiða

LANDVERND Tugir kílómetra gönguleiða voru stikaðir og merktir í Vonarskarði og nágrenni í sumar. „Það var mikið verk að ganga með stikurnar og setja þær niður en frábært að vera úti við og vinna þetta þarfa verk,“ segir Gunnar Njálsson, landvörður í Nýjadal á Sprengisandi, sem vann verkeið ásamt Guðmundi Árnasyni landverði auk sjálfboðaliða frá Veraldarvinum og Ingimar Eydal landverði.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs ákvað að loka fyrir akstur á farartækjum gegnum Vonarskarð og var



Í VONARSKARÐI Guðmundur Árnason landvörður við göngustiku efst í Tvílitaskarði sunnan við Skrauta.

þá ákveðið að setja upp merkt bílastæði við Valafell að austanverðu og Kolufell að sunnanverðu og stika gönguleiðir inn í Vonarskarð.

Gunnar getur þess að samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sé gert ráð fyrir nýjum gistiskála við Svarthöfða og Kolufell sunnan Vonarskarðs og við Valafell norðan Vonarskarðs. Eiga skálarnir að vera aðgengilegir bílaumferð og göngufólki.

Að sögn Gunnars vonast landverðirnir til þess að ný hefð og nýr ferðamáti skapist á þessum slóðum við breyttar aðstæður.

Þeir benda á að ekki megi aka í gegnum Vonarskarð að vetri til nema jörð sé örugglega frosin. - ibs

Fjárdráttur til rannsóknar:

Lögreglumaður undir grun

LÖGREGLUMÁL Lögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er til rannsóknar hjá Ríkissaksóknara vegna gruns um fjárdrátt. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá þessu um helgina.

Rannsókn Ríkissaksóknara mun á frumstigi en maðurinn, sem hefur um árabíl starfað innan lögreglunnar, hefur verið í leyfi frá störfum síðustu tvær vikur. Ekki liggur fyrir um hversu háar fjárhæðir ræðir né hve lengi hin meintu brot eiga að hafa staðið yfir.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólkabíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólkabíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



FRAMKVÆMDIR Í haustspá Evrópusambandsins kemur fram að fjárfestingaráform hér á landi hafi dregist og að fjárfestingar hafi verið minni í sniðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HAUSTFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2011



Að klífa fjallið

Hvernig getur Landsvirkjun orðið leiðandi fyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa?

Árið 2010 markaði Landsvirkjun nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka arðsemi fyrirtækisins. Á fundinum verða dregin fram áhrif nýrrar stefnu á rekstur fyrirtækisins.

- **Arðsemi Landsvirkjunar: Óraunhæfar eða nauðsynlegar kröfur?**
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
- **Samkeppnishæfni í grænu hagkerfi**
Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs
- **Vindorka – raunhæfur kostur á Íslandi?**
Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarviðs
- **Ný stefna Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð**
Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs
- **Spurningar og umræður**

Fundarstjóri er Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Landsvirkjunar

Allir velkomnir
Skráning á: www.landsvirkjun.is/skraning

Fundurinn fer fram í Silfurbergi í Hörpu, þriðjudaginn 15. nóvember, kl. 14–16.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins.

www.landsvirkjun.is Finndu okkur á Facebook

Minni vexti spáð en áður

Hagspá Evrópusambandsins gerir ráð fyrir minni hagvexti hér á landi en spár AGS og Seðlabankans. Skuldir hins opinbera verði komnar í 90% árið 2013. Horfur í ESB-ríkjum eru verri en við síðustu spár.

EVROPUMÁL Nokkurrar svartsýni gætir í hagspá Evrópusambandsins fyrir aðildarríki ESB og fyrir Ísland, sem var gefin út fyrir helgi. Evrópusambandið gefur út haustspá í efnahagsmálum og þar eru sérstakir kaflar fyrir aðildarríki og umsóknarríki.

ESB spáir minni hagvexti hér á landi á þessu ári og því næsta heldur en Seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerðu í nýlegum spám sínum. Því er spáð að hagvöxtur þessa árs verði 2,1 prósent en fari niður í 1,5 prósent á næsta ári. Seðlabankinn gerir í sinni spá ráð fyrir 3,1 prósent hagvexti á þessu ári og 2,3 prósentum á næsta ári, og AGS spáir 2,5 prósent hagvexti nú og 3,1 prósent á næsta ári. Þá gerir Evrópusambandið ráð fyrir því að hagvöxtur aukist í 2,7 prósent árið 2013, en Seðlabankinn spáir þá 2,3 prósentum og AGS 2,8.

Í hagspánni kemur fram að botninum hafi verið náð hér á landi á seinni helmingi síðasta árs. Lítil hagvöxtur hafi síðan orðið á fyrri hluta þessa árs, að mestu vegna aukins útflutnings og meiri einkaneyslu, en dregið hafi úr bata í efnahagslífinu síðustu mánuði. Fjárfestingaráform hafi bæði dregist og verið minni í sniðum en áður hafi verið talið. Þá hafi innflutningur aukist og útflutningur dregist saman.

Einkaneysla hefur farið vaxandi, að því er fram kemur í hag-

spánni, en meðal ástæðna þess eru endurgreiðsla á gengistrygðum lánnum og útgreiðsla séreignarsparnaðar. Gjaldprotum heldur áfram að fjölga og versnandi aðstæður í helstu viðskiptalöndum hafa neikvæð áhrif hér á landi. Þó segir í skýrslunni að jákvætt sé hversu vel ferðamennska gangi hér á landi.

Samkvæmt hagspánni hefur staða ríkisfjármála hins vegar batnað og því er spáð að skuldir hins opinbera fari niður fyrir 90 prósent af landsframleiðslu eftir tvö ár.

Hjá ríkjum Evrópusambandsins er talið að verðbólga haldist áfram stöðug í þremur prósentum og atvinnuleysi verði í kringum tíu prósent. 1,6 prósent hagvexti er spáð innan sambandsins og 1,5 prósentum á evrusvæðinu. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að hagvöxtur innan ESB verði 0,6 prósent og 1,5 prósent árið 2013. Þessar horfur eru talsvert verri en við síðustu spá, þar sem gert var ráð fyrir tveggja prósent hagvexti á næstu tveimur árum.

Langmesta hagvextinum er spáð í Eistlandi, um átta prósentum í ár og 3,2 prósentum á næsta ári. Í Litháen er gert ráð fyrir 3,5 til fjögurra prósent vöxtum næstu tvö ár. Verst er spáin fyrir Grikkland, en því er spáð að landsframleiðsla dragist þar saman um sex prósent í ár og þrjú prósent á því næsta.

thorunn@frettabladid.is

ZANUSSI

ZCV-662MW Eldavél hvít

- Eldavél með keramik helluborði og XXL 74 lítra ofni, u.p.b. 30% stærri en áður.
- ✓ Undir- og yfirhiti ásamt grilli
- ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór hella
- ✓ Prefalt gler í ofnhurð
- ✓ 1 bökunarplata, skuffa og grind fylgir
- ✓ Barmalæsing
- ✓ Orkuflökkur A
- ✓ HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr 144.900



DAEWOO

DWD-LD1612 Þvottavél

- Ný byltíngarkennd þvottavél með Direct Drive kola- og reimarlausum mótör, sem tryggir lengri endingu og hljóðlátari vinnslu.
- ✓ Þvoðu allt að 9 kg - allt að 60% meira pláss en í hefðbundinni 5 kg þvottavél.
- ✓ 1600 snúninga vinda með A toppeinkunn
- ✓ Hraðval og 20 mínútna hraðkerfi
- ✓ Timaskjár og framstillt ræsing möguleg
- ✓ 1600 sn. vinduhraði með A einkunn
- ✓ AirBubble þvottatækni - 100% þvottaárangur og minna slit á þvotti.
- ✓ Ofnæmisskolun og kerfi með krumpuvörn
- ✓ Fullt verð kr 169.900



Electrolux

EWF-146310W Þvottavél

- Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhraði
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Timaskjár
- ✓ Ofnæmisskolun möguleg
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Fullt verð kr 124.900



Electrolux

EDC-47100C Þurrkari barkalaus

- Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði.
- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
- ✓ Hljóðlátur
- ✓ Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
- ✓ Stór 43x33 cm stór lúga
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- ✓ Hljóðmerki í lok þurrks (valkvætt)
- ✓ Auðveld vatnslosun í niðurfall eða tank
- ✓ Tekur allt að 7 kg. af taui
- ✓ Fullt verð kr 124.900



AEG

DK-9660M Veggháfur stál

- Glasilegur veggháfur með kraftmiklum hljóðeinangruðum mótör, góðri lýsingu og þvoanlegri síu
- ✓ Allt að 650 rúmmetra sogafköst
- ✓ Hljóðlátur
- ✓ 3 hraðastillingar
- ✓ 2x20W halogen ljós
- ✓ Einnig fánlegur 90 cm breiður
- DK-9690M kr. 69.900
- ✓ Verð áður kr 89.900



Electrolux

DIK-2460RF Spanhelluborð

- Mjög flott spansuðuhelluborð með stálkanti, stop&go, booster háhraðahellum og klukku
- ✓ Ein XXL hella
- ✓ Suðusjálfvirkni - lækkar sjálfkrafa hitann
- ✓ Tímastillir 99 mínútur & Barmalæsing
- ✓ Fullt verð kr 159.900



Electrolux
IEL-7025HV Innbyggður ofn
Vandaður ofn með ekta heitum 3D blæstri og 8 eldunarkerfum. Innfellanlegir stjórnrofar

- ✓ Sérstakt pizzakerfi
- ✓ Fjóralt gler í ofnhurð
- ✓ Verð áður kr 124.900

VERÐVAKT RAFHA



VERÐVAKTIN
Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!

ZANUSSI

ZDF-201 Uppþvottavél

- Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almenn kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hægt að þvo hálfá vél í einu
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 109.900



exquisit
KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur
✓ Kæli 205 lítrar og frystir 68 lítrar
- ✓ Orkuflökkur A+
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 177x55x58,6 cm
- ✓ Verð áður kr 99.900



exquisit
GS-175ASI Frystiskápur
✓ 175 lítra frystiskápur með 5 stórum og góðum skúffum
- ✓ Hraðfrýsting og hitastillir
- ✓ Hægt að snúa hurðum
- ✓ Orkuflökkur A+
- ✓ HxBxD: 144x55x56 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900



WK-1323 flott hraðsuðukanna í stáli 1 líter
Fullt verð kr 5.990

4.490 SPARAÐU 1.500

3.990 SPARAÐU 1.000

6.990 SPARAÐU 8.000

SC-2283 Safapressa fyrir alla ávexti og grænmeti. 2 hraðastillingar.
Fullt verð kr 14.990

BR-2122 Flott brauðrist í burstuðu stáli fyrir 2 sneiðar. Fullt verð kr 4.990

PROJECTION

CL-1485 Vekjaraklukkan með geisla sem varpar tölustöfum í loftið. Fullt verð kr 6.990

3.990 SPARAÐU 3.000

Rafha ehf

Suðurlandsbraut 16 108
Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16



Á SVELLINU Maia Shibutani og Alex Shibutani frá Bandaríkjunum sýndu á sérstakri sýningu á NHK-móttinu í listdans á skautum sem fram fer í Sapporo í Japan.

Verðkönnun Bændasamtakanna sýnir að íslenskar vörur eru samkeppnishæfar við hin Norðurlandarákin:

Íslenskar vörur oft ódýrari í krónum talið

NEYTENDUR Íslenskar landbúnaðarvörur eru oft ódýrari hér á landi en aðrar landbúnaðarvörur á Norðurlöndunum sé verðinu breytt í íslenskar krónur. Hafa ber í huga að tölurnar eru ekki kaupmáttarleiðréttar, en kaupmáttur hefur rýrnað hér á landi á síðustu árum á meðan hann hefur aukist á Norðurlöndunum.

Bændasamtökin gerðu verðkönnun á landbúnaðarvörum í fimm verslunum á Norðurlöndunum um miðjan október síðastliðinn með aðstoð starfsmanna bændasamtaka viðkomandi landa. Frá



ÍSLENSKAR VÖRUR Sé vöruverði á Norðurlöndum breytt í íslenskar krónur kemur í ljós að íslenskar vörur eru oft ódýrari.

þessu er greint í Bændablaðinu, en þar segir að í ljós hafi komið að íslenskar afurðir eru samkeppnisfærar við vöruverð í hinum Norðurlandarákinum.

Kannað var verð á léttmjólk, 17 prósentu osti, smjöri, svínakótelettum, heilum kjúklingi, nautahakki, eggjum, kartöflum og tómötum. Verslanirnar sem bornar voru saman eru Bónus, Netto í Danmörku, Rema í Danmörku, Ica Kvantum í Svíþjóð og Remi í Noregi.

Léttmjólk reyndist ódýrust á Íslandi en langdýrust í Noregi

og ostur var ódýrastur í Svíþjóð. Íslenska smjörið var ódýrast, en nýsjálenskt og þýskt smjör í verslunum í Danmörku reyndist dýrast. Ódýrustu kartöflurnar voru í Bónus í 1,5 kílóa pakkningum og íslensku tómatararnir einnig.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökunum, segir verðin sýna að ekkert bendi til þess að vöruverð lækki hér ef frekari innflutningur á erlendum landbúnaðarvörum yrði. Bændasamtökin gerðu ekki sambærilega verðkönnun fyrir gengishrun íslensku krónunnar.

Lífeyrissparnaður

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

býður bæði upp á skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað

Kynntu þér kosti Frjálsa lífeyrissjóðsins á www.frjalsilif.is.



Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi árin 2009 og 2010.



arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



SALA Á LYFJUM Hagsmunaaðilar telja að leyfa eigi sölu á ólyfseðilsskyldum lyfjum í venjulegum stórmörkuðum til að auka aðgengi.

Lyf í verslanir og frjálsari auglýsingar

Hagsmunaaðilar á lyfjamarkaði vilja leyfa sölu ólyfseðilsskyldra lyfja í verslunum og lyfjaauglýsingar í sjónvarpi. Yfirgripsmikil greining á lyfjamarkaðnum hefur verið lögð fyrir velferðarráðherra.

HEILBRIGÐISMÁL Hagsmunaaðilar á lyfjamarkaði vilja að heimilt verði að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi og sala á lyfjum verði leyfð í almennum verslunum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri greiningu Félags atvinnurekenda, Frumtaka og Samtaka verslunar og þjónustu, þar sem hinar ýmsu tillögur um breytingar á íslenska lyfjamarkaðnum eru lagðar fram.

Í skýrslunni segir að rannsóknir hafi sýnt að auglýsingar í sjónvarpi hafi hvetjandi áhrif á einstaklinga til að leita sér frekari upplýsinga um lyf eða eigið heilsufar. Á móti komi þó að sjónvarpsauglýsingar leiði ekki endilega til aukinnar sölu á lyfjum og geti leitt til minni notkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum. Einnig sé hætt á að röng og óþörf notkun aukist með aukinni notkun á þeim lyfjum sem auglýst séu.

Önnur tillaga tengd auglýsingunum er að heimilt verði að nota efsta stig lýsingarórða við markaðssetningu, ef hægt er að rökstyðja með sölutölum að eitthvað sé „mest selt“ eða vinsælast. Slíkt er óheimilt í dag við auglýsingu lyfja. Mótökin við því eru að framleiðendur gætu þá notað fullyrðingarnar út frá sinni skilgreiningu á markaðs-

stærð sem væri á skjön við skilgreiningar samkeppnisaðila og gæti því skapað ágreiningu.

Varðandi heimild sölu á lausasölulyfjum í almennum verslunum kemur fram að þar með verði aðgangur að lyfjunum greiðari fyrir ferðamenn á landsbyggðinni og gæti leitt til lækkunar á verði vegna aukinnar samkeppni. Þó muni fagleg ráðgjöf til almennings minnka og því verði aukin hætt á rangri og hættulegri notkun.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra fékk tillögurnar afhentar á mánudag. Hann sagðist ánægður með frumkvæðið og farið yrði yfir hugmyndirnar í ráðuneytinu.

Einar Magnússon, lyfjamálastjóri hjá velferðarráðuneytinu, tekur undir orð ráðherra og segir greininguna falla ágætlega inn í þá vinnu sem sé að hefjast varðandi endurskoðun á lyfjastefnu.

Með greiningunni vilja hagsmunaaðilarnir draga fram þætti sem þeir telja nauðsynlegt að breyta til að auka samkeppni og skilvirkni og bæta starfsumhverfi á lyfjamarkaðinum. Um 120 breytingartillögur eru lagðar fram í skýrslunni.

sunna@frettabladid.is

Takið vel á móti fermingarbörnunum

Þau safna fyrir Hjalparstarf kirkjunnar 7.-15. nóvember

Hjalparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fleiri tillögur varðandi lyfjamarkaðinn

- Auka neytendavernd með tilliti til auglýsinga og eftirlits á náttúruvörum og fæðubótarefnum
- Löggjöf varðandi varúðartexta þarf að skýra
- Dreifingaraðilar hætti að afgreiða lyf til tannlækna, dýralækna og lækna
- Dýralæknum verði bannað að selja dýralyf
- Svigrúm til að selja pakkningar sem verða fyrir hnjaski með afslætti
- Þarf að skerpa á öryggi um aðföng til landsins
- Handskömmun lyfja verði bönnuð
- Fjölga þarf starfsfólki með bakgrunn í heilbrigðisvísindum og raungreinum hjá Lyfjastofnun



OPINN FUNDUR - HÓTEL SÖGU 17. NÓVEMBER SÝNDARVÆÐING ÚTSTÖÐVA OG FRAMTÍÐ NOTENDABÚNAÐAR FRÁ HP

Opin kerfi boða til fundar þar sem fjallað verður um framtíðarsýn HP í útstöðvarbúnaði. Rætt verður hvernig HP og Opin kerfi vinna með viðskiptavinum við að hámarka notagildi og líftíma tölvubúnaðar með sýndarvæðingu.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík fimmtudaginn 17. nóvember, kl. 13:30 og er þátttakendum að kostnaðarlausu.



Guðbrandur Randver Sigurðsson, framkvæmdastjóri viðskiptastýringar Opinna kerfa.



Leif Carlsen, framkvæmdastjóri hjá HP Personal Systems Group, Danmörku.



Carsten Hansen, Storage Solution Architect hjá HP.



Ómar Örn Magnússon, deildarstjóri upplýsingatæknideildar hjá Tækniskólanum.



Guðmundur Zebitz, vörustjóri Commercial lausna innan HP Personal Systems Group hjá Opnum kerfum.

Dagskrá:

- 13:30 Húsið opnar, skráning
- 14:00 **Guðbrandur Randver Sigurðsson**, framkvæmdastjóri viðskiptastýringar Opinna kerfa
- 14:15 **Leif Carlsen**, framkvæmdastjóri HP Personal Systems Group Danmörku
- Framtíð útstöðvarbúnaðar HP
- 14:45 **Carsten Hansen**, Storage Solution Architect hjá HP
- HP P4800 Bladesystem SAN
- 15:45 **Kaffi**
- 16:00 **Ómar Örn Magnússon**, deildarstjóri upplýsingatæknideildar Tækniskólans
- Innleiðing HP sýndarlausna hjá Tækniskólanum
- 17:00 **Guðmundur Zebitz**, vörustjóri HP Personal Systems Group
- Vöruframboð HP hjá Opnum kerfum
- 17:30 **Móttaka**



Að dagskrá lokinni verður boðið upp á léttar veitingar og gefst þátttakendum tækifæri til þess að ræða við sérfræðinga Opinna kerfa og skoða lausnirnar frá HP.

OPIN KERFI

Hefur þú færstu sérfræðingana þér við hlið?

Opin kerfi / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1000 / www.ok.is

Hefði mátt koma í veg fyrir áralangt kynferðisofbeldi gegn litlum dreng?

Níðingar undir eftirliti

Fréttablaðið sagði á laugardaginn frá því að lögreglan hefði árið 2002 gert húsléit heima hjá dæmdum barnaníðingi og fundið kynferðislegar myndir af börnum, en jafnframt myndir af litlum dreng í fangi mannsins.

Drengurinn var frændi sambýlismanns barnaníðingsins og þeir höfðu reglulega sótt hann í skólann einu sinni í viku að beiðni móður drengsins. Þegar húsléitin var gerð hafði maðurinn þegar fengið fangelsisdóm fyrir að beita tvo drengi kynferðislegu ofbeldi og undirgengizt sektargreiðslu fyrir að hafa myndir af kynferðisofbeldi gegn börnum í förum sínum.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Viðbrögð lögreglunnar á þessum tíma voru að vara móður drengsins eindregið við og hvetja hana til að „láta hann aldrei í hendurnar á þessum mönnum eftirlitslausan“ að því er fram kom í frásögn lögreglu-

manns, sem tók þátt í húsléitinni, fyrir dómi. Á þær viðvaranir hlustaði móðirin ekki, því að drengurinn hélt áfram að koma reglulega á heimili manna. Í Fréttablaðinu um helgina kom fram að lögreglan hefði ekki gert barnaverndaryfirvöldum viðvart og eftirfylgni yfirvalda eða eftirlit með því að drengurinn umgengist mennina hefði ekkert verið.

Barnaníðingurinn hlaut enn einn dóminn fyrir myndirnar sem fundust í húsléitinni. Fáeinum árum síðar hóf hann síðan gróft og ítrekað kynferðislegt ofbeldi gegn drengum sem lögreglumenn höfðu fundið mynd af. Ofbeldið stóð líklega í fjögur ár. Fyrir það var maðurinn í síðustu viku dæmdur í sex og hálfis árs fangelsi.

Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu að ungum drengjum stafaði mikil hætta af mannum, hann ætti sér engar málsbætur og ítrekaðar refsingar hefðu reynzt árangurslausar.

Sú spurning er afar áleitinn hvort ekki hefði verið hægt að grípa inn í og bjarga drengnum, sem rændur var fjórum árum af æskunni og mun líklega aldrei ná sér, frá barnaníðingnum. Þegar lögreglan finnur myndina af drengnum hefur maðurinn þegar hlotið dóm fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum og sannað er að hann sækir í myndir af slíku ofbeldi. Af hverju var ekki meira gert til að tryggja að barnaníðingurinn hefði ekki eftirlitslausan aðgang að drengnum?

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði í Fréttablaðinu á laugardaginn að þetta mál kynni að gefa tilefni til að fara yfir verklag í málum sem þessum. Í blaðinu í dag segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, að brýnt sé að Alþingi setji lög sem geri kleift að hafa eftirlit með hættulegustu barnaníðingnum, sem fengið hafi ítrekaða dóma. Málið sem dómur féll í fyrir helgi ætti að verða alþingismönnum hvatning til að skoða þann möguleika rækilega.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Snyrtivöruframboðið

Formannsframboð stendur nú yfir í Sjálfstæðisflokknum þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir bauð sig fram gegn Bjarna Benediktssyni. Líkt og títt er þegar um framboð ræðir þurfa frambjóðendur að koma málefnum sínum á framfæri við kjósendur sína. Þau kusu hins vegar að svara ekki spurningum Fréttablaðsins um málefni sem kjósendur gætu haft áhuga á að þekkja afstöðu þeirra til. Bjarni hefur þó gefið sér tíma til að svara spurningum Smartlands um hvernig hann heldur sér í formi og hvaða snyrtivörur

hann notar. Kjósendur hans geta því verið öruggir um að hann noti rétta rakakremið, þótt þeir þekki ekki endilega afstöðu hans til annarra mála.


Aðeins fyrir sjálfstæðismenn

Svörin sem Fréttablaðið fékk úr herþúðum Bjarna og Hönnu Birnu, þegar útskýrt var að spurningum blaðsins yrði ekki svarað, voru meðal annars þau að þetta væru innanbúðarkosningar. Vonandi hafa sjálfstæðismenn áhuga á fleiru en snyrtibúddu Bjarna, annars gæti farið illa fyrir flokknum.

Breyttu vinnubrögðin

Hanna Birna Kristjánsdóttir var eitt sinn borgarstjóri og talaði sem slíkur fyrir breyttum vinnubrögðum og nýrri pólitík. „Það á að vera þannig að fulltrúalýðræði endurspegli vilja kjósenda,“ sagði hún eitt sinn í ræðu í borgarstjórn. Vilji kjósenda er sá að vita hver afstaða formannsframbjóðendanna er til álita mála. Þann vilja hefur Hanna Birna kosið að hundska með því að neita að svara spurningum um þau málefni sem hún stendur fyrir.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Hættum þessu dekri við stjórnmalastéttina

Fjármál



Ásgerður Jóna Flosadóttir
starfandi formaður Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og á Reykjanesi

Niðurskurður og enn meiri niðurskurður. Þurfum við ekki að fara í naflaskoðun þegar kemur að niðurskurði hjá hínu opinbera? Huga stjórnmalastéttin nægilega að hínu smáa í umhverfi sínu þegar kemur að samdrætti í útgjöldum ríkisins? Það er erfitt fyrir landsmenn að horfa upp á stjórnmalastéttina lífa sínu ljúfa lífi á kostnað okkar hinna þrátt fyrir kreppuna þegar við almenningurinn þregjum sultarólina í innsta gat.

Stjórnmalastéttin hafa frían síma, niðurgreiddan mat, afnot af bifreiðum, frí dagblöð, greiddan starfskostnað og svona mætti lengi telja. Þeir ákveða niðurskurðinn án þess að finna hann á eigin skinni. Þessu þarf að breyta og hættum þessu dekri við stjórnmalastéttina.

Margt smátt í sparnaði gerir eitt stórt.

Ég legg til að eftirfarandi verði lagt af:

- Ráðherrar noti eigin bíla. Þeir gætu fengið merki í rúðu bílsins sem leyfði viðkomandi að leggja bílnum hvar sem er.
- Þingmenn greiði sjálfir fyrir símanotkun

sína utan skrifstofunnar. Þeir noti sím-tækin á skrifstofum sínum sem við sköfum þeim.

- Lokum mótuneytinu í Alþingishúsinu og hættum að niðurgreiða matinn ofan í þingmenn. Starfsmenn þingsins hafi með sér nesti eða nýti matsölustaðina í nágrenninu og styðji þannig við einkareksturinn sem berst í bökkuð.
- Þingmenn kaupi sjálfir dagblöð, ef þeir vilja fylgjast með gera þeir það á sinn kostnað.
- Hættum að greiða starfskostnað. Hvaða vitleysa er þetta með aukakostnað við að mæta til og stunda vinnu sína. Þeir eiga sjálfir að greiða slíkan kostnað.
- Þingmaður standi straum af auka búsetu-kostnaði eins og aðrar stéttir í þjóðfélaginu gera. Hvaða bull er þetta að við séum að greiða fyrir aukheimili þingmanns. Viðkomandi ákvað að bjóða sig fram og náði kosningu líkt og með þann sem sækir um og fær starf í öðru byggðarlagi en hann býr í. Ekki er það atvinnurekandinn sem greiðir fyrir aukabúsetu. Oftar en ekki flytur fjölskyldan búferlum.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina

Sumarhöllin 1. hluti

Sýnd í Odda 101, 17. nóv. kl. 17:00

Hádegisfyrirlestur

Samstarf Íslands og Kína á sviði menningar og skapandi greina

Askja 131, 15. nóv. kl. 12:25

Nánar á viðburðaskrá www.hi.is

Allir velkomnir,
aðgangur ókeypis



冰中文化交流协会



Kinversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Í leit að liðnum tíma

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Framsóknarmenn hafa brugðist ókvæða við vangaveltum Eiríks Bergmann um flokkinn og stefnu hans að undanförunu. Eiríkur sagði í grein í Fréttatímanum að flokkurinn væri farinn að daðra við þjóðernisstefnu, að breytingar á merki flokksins vísuðu í klassísk fasísk minni og að fánahylling glímumanna á síðasta landsfundi hefði verið til marks um áherslu á „þjóðleg gildi“.

Eiríkur er glöggur en ég held samt að við eigum að fara varlega með orð eins og „fasisma“ – slík orð verða að merkja eitthvað svo að við getum brugðist við þeirri stefnu þegar hún skýtur upp kollinum. Þótt Framsóknarmenn bauli Ísland er land þitt á fundum og mæni á glímumenn hnykla vöðvana með íslenska fánann eru þeir ekki þar með orðnir að fasistum.

Þeir eru bara skringilegir.

Á berangri

Við ættum líka að reyna að halda í heiðri þá grundvallarreglu í samskiptum okkar að virða rétt fólks til að skilgreina sig sjálf. Framsóknarmenn eru að reyna það. Þeir eru að leita að sjálfum sér, tilverurétti sínum sem

flokks, hugmyndum, stefnu, réttlætingu. Það er jákvætt að þeir skuli fyrstast við að vera spyrtilir saman við öfgaflokka á Norðurlöndum og raunverulega fasista. Það segir okkur að slíkar hugmyndir eru enn taldar óásættanlegar í hinu opinbera stjórnmála-kerfi okkar.

Framsóknarmenn eru villtir á pólitískum og hugmyndaegum berangri og hafa verið allar götur síðan flokkurinn þróaðist frá því að vera pólitískur armur Sambandsins og varð vettvangur óprúttinna fjármálaskúma sem notuðu þennan aðgang að valdakerninu til að skara eld að eigin koku. En um leið og afskriftir fóru fram á skuldum þessara manna fóru fram stórfelldar afskriftir á fylgi Framsóknarflokksins. Í rauninni má merki-legt heita að hann skyldi ekki gufa upp.

Jón Sigurðsson, einn af hugsuðum flokksins og maður sem naut virðingar út fyrir raðir flokksins, reyndi í sinni stuttu formennskutíð að finna honum merkingu og stað í tilverunni með því að innleiða hugtakið „þjóðhyggja“ í íslenska hugmynda- og stjórnmálaumræðu. Um leið sá hann fyrir sér að flokkurinn hefði frjálslyndi, umburðarlyndi, hófsemi, sveigjanleika og slíkar dyggðir að leiðarljósi, aðhylltist alþjóðasamstarf á sem flestum sviðum, vildi ganga í ESB og væri almennt gefinn fyrir praktískar lausnir fremur en æsing og orða-gjálfur. Flokkur í anda Frjáls-

lyndra demókrata í Þýskalandi – í lykilstöðu á miðjunni. Væri sem sagt flokkur sémilega menntaðrar miðstéttar, sem hefði þjóðleg gildi í hávegum, í orði kveðnu að minnsta kosti; óskakjósandinn væri deildarstjóri einhvers staðar sem hefði átt hagnæla ömmu, héldi upp á Jónas Hallgrímsson og hefði tárast yfir bókum Jóns Kalmans, ætti sér rætur í dreifbýli en byggi í einbýlishúsi í þéttbýlinu og keyrði um á jeppa; vildi halda í heiðri arf þjóðarinnar en líka stuðla að góðum lífskjörum. Jón hafði ekki erindi sem erfiði.

Þjóðleg áflog

Það er því kannski ekki alls kostar rétt hjá Eiríki Bergmann að hin þjóðlega áhersla hafi komið með Sigmundi Davíð inn í flokkinn – Jón Sigurðsson var farinn að þreifa sig áfram með þetta, enda líta framsóknarmenn eflaust svo á að flokkurinn eigi sér rætur í þjóðlegum alþýðhreyfingum – Samvinnuhreyfingunni og Ungmennafélags-hreyfingunni.

En þessi fánahylling með glímumönnum á landsfundi flokksins ... hefði maður ekki vitað betur hefði maður haldið að hér væri um að ræða gamalt skens með Stuðmönnum. Svo virðist ekki hafa verið. Þegar svona sýning er sett upp án írónu, að því er best verður séð, þá eru menn að taka sér stöðu í afkáraskapnum miðjum. Þetta eru allt tákn. Glíman er tákn ítrustu þjóðlegra gilda hins

íslenska bændasamfélags; hugmyndin var sú að hún væri alveg sérstaklega séríslensk, eins og rímannahættirnir og fjármörkin (reyndar er hugtakanotkunin í þessu þrennu merkilega lík) en hún var auðvitað meira og minna búin til snemma á 20. öldinni úr einhverjum fornum áflogum. Í sjálfu sér er allt í lagi að vísa til þjóðlegra verðmæta. Það er allt í lagi að heiðra gamla hluti úr eigin menningu, rétt eins og ættjarðarást er í sjálfu sér jákvæð kennd. Fólki sem ber virðingu fyrir eigin menningu er líklegra til að bera virðingu fyrir menningu annars fólks og skilja hvers vegna það vill heiðra sinn arf. En glíman íslenska er gömul áflogahefð og með því að vísa til hennar er verið að segja: Við stöndum fyrir þjóðleg áflog. Við ætlum að standa í rýskingum. Glíman er ekki bara langdregið hnoð tveggja manna heldur kannski það úr Ungmennafélagsmenningunni í byrjun 20. aldar sem tengist helst þjóðernisbelgingi eins og þeir muna sem lesið hafa bók Stefáns Jónssonar um Jóhannes á Borg. Hnyklaðir vöðvar, glímubúningur og fánahylling: allt vekur þetta ógeðfæld hugrenningatengsl við hermennskudýrkun og búningaderring – en þó umfram allt liðinn tíma.

Ég veit að ég slæ úr og í. En Framsóknarflokkurinn er samt ekki fasistaflokkur. Því fer fjarri. En hann á enn eftir að sýna okkur fram á að hann sé ekki draugagangur.

AF NETINU

Til varnar fátöfum ferðamönnum

Er markaðssetningin nægilega ábyrg? Við dásömum hina hrika- legu náttúru til þess að laða og lokka – fegrum aðstæðurnar – og ruglum þar með saman kynningu og markaðssetningu.

Nú ætla ég ekki að áfella einn eða neinn, heldur aðeins að biðja alla hlutaðeigandi að líta í eigin barm. Ef ferðaþjónustuaðilar gætu komið sér saman um aðgerðir til að hindra þessi ömurlegu ferðamannaslys, þá væri mikið unnið. Það þarf ekki mikinn kostnað eða fyrirhöfn – þarf ekki einu sinni lagasetningu, heldur bara svolítið hugvit og umhyggju. Að innleiða ábyrga menningu í markaðsstarf ferðaþjónustunnar er fyrst og fremst spurning um hugarfar.

Ólína Þorvarðardóttir
blogg.smugan.is/olina

Papademos og Monti

Lucas Papademos var aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Evrópu og Mario Monti var forstjóri hjá Evrópusambandinu. Þeir eru vafalaust hæfir hagfræðingar. Samt í hópi þeirra, sem telja, að skuldir beri að greiða upp í topp. Fallið hefur á þau fræði síðustu mánuði, þegar skoðuð er ábyrgðarlaus hegðun lánveitenda. Tími er kominn til að skrúfa fyrir ábyrgðarlausan blöðrublastur pilsfalda-banka, sem treysta á ríkisábyrgð. Papademos og Monti eru ekki menn til þess.

Jónas Kristjánsson
jonas.is

Fjárhags- umsvif Bændasamtaka Íslands

Landbúnaður

Þórolfur Matthíasson
hagfræðiprófessor



Samkvæmt ríkisreikningi ársins 2010 runnu 16,5 milljarðar króna af skatttekjum til landbúnaðartengdra málefna. Greiðslur til Bændasamtaka Íslands námu um hálfum milljarði króna auk þess sem Bændasamtökin sáu (og sjá) um útgreiðslu fjár úr ríkissjóði eða um að safna nauðsynlegum upplýsingum vegna slíkra útgreiðslna.

Í skýrslu frá mars 2011 bendir Ríkisendurskoðun á að stjórnvöld og Alþingi hafi falið Bændasamtökum Íslands að fara með opinbert vald. Ríkisendurskoðun telur að Bændasamtök Íslands séu bundin af ákvæðum stjórnvöld og upplýsingalaga við framkvæmd verkefna. Lágmarksupplýsingar um umsvif og framkvæmd eru fólgnar í ársreikningi og ársskýrslu samtakanna. Ætla verður að Bændasamtökun séu skuldbundin til að birta hvoru- tveggja opinberlega.

Undirritaður hefur farið fram á það í tvisang að fá aðgang að ársreikningum Bændasamtaka Íslands. Þeim beiðnum mínum hefur ekki verið sinnt þrátt fyrir skýra skyldu samtakanna samkvæmt álit Ríkisendurskoðunar.

Að óreyndu máli verður ekki fullt að neitt gruggugt sé að finna í ársreikningum Bændasamtaka Íslands. En meðan samtökin skirrast við að veita aðgang að þessum upplýsingum vakna óþægilegar grunsemdir.



FYRIR ELDRI BORGARA

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir með sjávarútsýni

Að Hraunvangi í Hafnarfirði eru lausar nokkrar glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í tvemur þriggja hæða húsum með lyftu. Húsin standa á fallegum stað við Hrafnistu. **Þriggja herbergja íbúðirnar eru með glæsilegu sjávarútsýni og eru þær á hagstæðu verði.**

Íbúðirnar eru boðnar til leigu, auk leigu er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtrygð og er endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Innangengt til Hrafnistu
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Lokaður bílakjallari

Þjónustuíbúðir á Brúnavegi

Eigum einnig glæsilegar tveggja herbergja íbúðir með góðu útsýni og yfirbyggðum svölum við Hrafnistu í Reykjavík.

Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafið samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til asgeir.ingvason@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

www.hrafnista.is



Sjómannadagsráð
í Reykjavík og Hafnarfirði



HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfirður | Kópavogur

Eru Íslendingar feitastir?

Heilbrigðismál

Stefán Hrafn Jónsson
lektor við HÍ



löndum. Fréttin um að við værum önnur feitasta þjóðin var einfaldlega röng. Ef umhyggja fréttamanna fyrir sannleikanum er einlæg má búast við að fréttastofur fjalli jafnmikið um þessa leiðréttu frétt eins og þær fjölluðu um röngu fréttina.

Vigtaðu rétt strákrur

Áhugavert er að vita hvernig slík villa kemst í fréttatíma. Líklega er um að ræða sambland af fjórum þáttum. Ruglingur í meðferð hugtaka, skort á gagnrýnum lestri upplýsinga, of hröd vinnubrögð á fréttastofum og of frjálsg framsetning niðurstaðna í skýrslu.

hinn er það síður. Að mínu mati er gagnsemi flokksins „ofþyngd“ svo takmörkuð að skoða þarf alvarlega hvort hætta eigi að birta upplýsingar um ofþyngd í opinberum skýrslum og fréttum. Með nokkurri lagni hefði fréttamaður hins vegar getað séð að samsetta mælingin er ekki eingöngu að mæla offitu, enda var myndin fyrir offitu á næstu blaðsíðu.

Því stundum verður mönnum á

Líklegt má telja að hefðu fréttamenn gefið sér betri tíma í vinnslu fréttarinnar og kynnt sér helstu hugtök hefði þessi ranga frétt ekki farið í loftið. Hins vegar er rétt að

Nýlega var fjallað um í fréttum sjónvarpsstöðvar að Íslendingar væru orðnir næstfeitasta þjóð, ýmist í heimi, á Vesturlöndum eða meðal OECD-ríkja, næst á eftir Bandaríkjamönnum. Nokkuð var fjallað um málið í dægurmálaþáttum á útvarpsstöðvum og ljóst var á máli fjölmiðlafólks að það hafði töluverða áhyggjur af heilsu og velferð samlanda sinna.

Ef mikill vandi felst í því að vera næst efst á þessum lista eins og greina mátti á fréttatitlingi, þá er lausnin einföld. Við lesur rétt úr umræddri skýrslu og sjáum að Íslendingar eru alls ekki næst feitust í heimi. Við erum í sjötta sæti á lista allmargra þjóða, á eftir Bandaríkjamönnum, Mexíkómönnum, Nýsjálandingum, Bretum og Austurríkismönnum. Við gætum mögulega verið enn neðar ef mælingar fást frá fleiri

Við erum sem sagt næst hæst á meingölluðum samanburði sem byggir á meingallaðri mælingu.

Hugtök sem notuð eru til að lýsa holdafari fólks eru ruglingsleg og stundum torskilin. Líkamsþyngdarstuðull (BMI) byggir á þyngd að teknu tilliti til hæðar svo: (BMI = kg /m²) Sömu mörk eru notuð fyrir karla og konur. Þegar BMI stuðull er hærri en 30 er talað um offitu (e. obesity). BMI gildi á milli 25 og 30 flokkast sem ofþyngd (sem er ekki offita). Deilt er um hvar þessi mörk eigi að liggja og hvað þau í raun þýða. Meiri sátt er um mörkin fyrir offitu en um mörkin fyrir ofþyngd.

Karlnaður (eða kona) sem 190 cm og 91 kg er með BMI-gildið 25,2 og flokkast því í ofþyngd sem og einstaklingur sem er 160 cm og 64 kg. Fáir eru með mynd af slíkum einstaklingum í huga þegar rætt er um offitu þjóða. Ekki er útilokað að aukið hlutfall Íslendinga sem flokkast í ofþyngd geti m.a. verið til komið vegna aukinnar vöðvasöfnunar enda hefur hluti landsmanna æft stift. BMI-stuðullinn gerir ekki greinarmun á vöðvamassa og fitumassa.

Í umræddri skýrslu birtist einnig samanlagt hlutfall fullorðinna Íslendinga sem annað hvort er í ofþyngd eða offitu. Þar er blandað saman tveimur aðgreindum hópum og því miður er það oft gert m.a. í skýrslum og ritum sérfræðinga um þetta efni. Annar hópurinn er að öllum líkindum of feitur, en

benda á að skýrslan sjálf var ekki nægjanlega vel unnin. Í skýrslunni er nokkrum þjóðum raðað á lista eftir því hversu stór hluti íbúa er samtals annars vegar í ofþyngd og hins vegar í offitu. Á þennan lista vantar nokkrar af þeim þjóðum sem líklegar eru til að ná hátt ef gögn væru aðgengileg. Við erum sem sagt næsthæst á meingölluðum samanburði sem byggir á meingallaðri mælingu. Skýrsluhöfundar hefðu átt að gera betur grein fyrir hvað felst í þessum mælingum og samanburði. Það er eðlileg krafa að fréttamenn spyrji gagnrýnna spurninga um hvað sé mælt og hvernig.

Með þessum skrifum er ég ekki að gera lítið úr skaðlegum áhrifum aukinnar offitu á heilsu fólks heldur að benda á mikilvægi þess að byggja á bestu fáanlegu mælingum. Umræða um þyngd má ekki skyggja á umræðu um mikilvægi hollrar fæðu, nægrar hreyfingar og vera með gott þol. Þannig þurfa allir að hreyfa sig nægjanlega mikið, borða hollan mat, og sofa vel, óháð því hvort þau eru í kjörþyngd eða ekki. Hluta af neikvæðum afleiðingum offitu má rekja til vanlíðanar í kjölfar neikvæðra ummæla sem höfð eru um útlit einstaklinga og hópa. Því skal ávallt gæta virðingar og umburðarlyndis þegar rætt er um líkamlegt útlit fólks og þjóða.

Bankaleynd

Fjármál

Sverrir Hermannsson
fv. alþingismaður



En bankinn kom heldur en ekki aftan að þeim fjárfestum, þegar þar að kom, og gekk að sjálfsskuldarábyrgðinni. Þessa ósvífni kærðu fiskifurstarnir strax fyrir dómstólum, sem vonlegt var. En dómarmar vísuðu málinu frá vegna formgalla. Þá sá bankinn sitt óvænna og afskrifaði skuldina, enda fordæmin mörg hjá fyrirtækjum, sem búa við „beztu fiskveiðistjórnarkerfi í heimi“. Svo mörg reyndar að þau yrðu ekki með góðu móti dulin, enda þótt endurskoðendur væru ekki allir að fetta fingur út í hagræðingu hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, né öðrum, nema líf lægi við.

Menn hafa loks áttað sig á hversu mikilvæg bankaleynd er. Má með vissu telja að leyndin hafi hin síðari misseri verið lífsankerfi þjóðar vorrar. Fyrir því verða engin nöfn né númer notuð í stuttri frásögn af umsvifum fyrirtækis, sem búið hefur við „beztu fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi“ síðustu þrjátíu ár.

Eins og hinir 110 útrásarmenn vildi fyrirtækið græða sem mest og gera banka sínum um leið greiða, enda búið að einkavæða hann samkvæmt hugmyndum Hólmsteins. Var þess vegna stofnað aukafélag, án ábyrgðar og eigna, sem keypti hlutabréf í bankanum á margföldu verði til að tryggja afkomu hans enn betur og ábatasöm viðskipti til framtíðar.

Í því skyni var tekið lán hjá bankanum upp á kr. 1.500 milljónir. Við afgreiðslu lánsins upplýsti útibústjóri staðarins forvígismenn um að hann hefði ekki umboð til að afgreiða slíkt lán án veða eða ábyrgðar. Sýndi þeim enda fram á, að þetta væri

Af þessum iðraþrautum mega menn sjá að vanda þurfti valið á forstjóra nýrrar Bankasýslu og skyggjast rækilega um bekk hjá Framsókn, sér í lagi ef viðkomandi hefur á sínum tíma aðstoðað bankamálaráðherra við afreksverk eins og að koma í lög VÍS-bréfum Landsbanka Íslands „til rimelige priser“. Banki mismunar engum. Hjá honum er allt tært, glært og gegnsætt uppi á borðum eins og hjá Skjaldborgu vorri, hinum líknsömu og lofordagjörnu landsfeðrum.

Í ruslatunnu, sem staðsett er innan við 15 – fimmtán – metra frá akbraut, fannst bréf frá banka til nafngreinds manns, þar sem bankinn tilkynnti honum að endurgreiðsla vaxta til hans hefði verið framkvæmd með því

Eins og hinir 110 útrásarmenn vildi fyrirtækið græða sem mest og gera banka sínum um leið greiða, enda búið að einkavæða hans samkvæmt hugmyndum Hólmsteins.

gulltryggt og þyrftu þeir aldrei að hafa áhyggjur, þótt fyrirtækið gengi í sjálfsskuldarábyrgð fyrir aukafélag sitt. Kvað bankana lána starfsfólki sínu milljarða króna í sama skyni, án þess að nokkru sinni yrði að þeim gengið.

Þetta létu aðaleigendur sér skiljast og gengu í sjálfsskuldarábyrgð fyrir aukafélag sitt. (Innan sviga má geta þess, að slíka glópsku hefðu þeir hjá „Mónu“ á Hornafirði aldrei látið henda sig.)

að greiða kr. 94 – níutíuogfjórar – inn á reikning hans fyrir árin 2008 til 2011. Auk þess sem bankinn hefir mátt snara út burðargjaldi fyrir sendibréfið.

Mikil lifandis ósköp þótti manninum vænt um að sjá í verki ríkjandi jöfnuð fyrir atbeina Skjaldborgar. Það vantar ekki nema 25 – tuttuguogfimm – krónur upp á svo upphæðin nægi fyrir einum potti af undanrennu í Hagkaupum.

SCHMIDT
snjótennur

- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.afvelar.is

Uppskeruhátíð

Samtök iðnaðarins bjóða félagsmönnum sínum, starfsfólki þeirra og samstarfsaðilum til Uppskeruhátíðar á Ári nýsköpunar.

Staður: Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
Stund: Miðvikudagur 16. nóvember, kl. 17.00 – 19.30

Dagskrá:

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI
Ári nýsköpunar - við erum rétt að byrja ...

Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi
Sköpun, nýsköpun, innblástur og eftirfylgni

Léttar veitingar

Allir velkomnir

ÁR NÝSKÖPUNAR
SAMTÖK IÐNAÐARINS

Í HLUTLAUSRI NEYTENDAKÖNNUN (ICRT) ERU 10 af 12 BESTU SJÓNVÖRPU

frá **SAMSUNG**

ALLS VORU PRÓFUÐ
50 SJÓNVARPSTÆKI



SAMSUNG
UE40D8005YU



SAMSUNG
LE40C755R2W



SAMSUNG
UE32C6715US



SAMSUNG



SAMSUNG



ANNAÐ MERKI



SAMSUNG



SAMSUNG
LE32C535F1W



SAMSUNG
LE32D555K1W/XXE



ANNAÐ MERKI



SAMSUNG
LE37D555XXE



SAMSUNG
LE32D455G1/XXE

LOFORÐ ERU EITT – STAÐREYNDIR ANNAÐ

SAMSUNG SJÓNVÖRPU hafa fengið mjög lofsamlega dóma um heim allan fyrir nýstárlega og fullkomna tækni og frábær myndgæði. Við hjá **SAMSUNG SETRINU** og **ORMSSON** höfum þess vegna leyft okkur að fara með all hástemmt lof um **SAMSUNG** sjónvörpin í auglýsingum okkar – enda full ástæða til.

Aðrir seljendur hafa auðvitað borið lof á þeirra merki í sínum auglýsingum en hér liggur fyrir niðurstaða í umfangsmikilli og hlutlausri gæðakönnun, sem unnin var af **ICRT (International Consumer Research & Testing)** og birt er í september hefti **Neytendablaðsins**, á 32–43 tommu sjónvörpum sem í boði voru hérlendis í ágúst og september sl.

SAMSUNG

SETRID
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



RITHÖFUNDURINN ASTRID LINDGREN (1907-2002) fæddist þennan dag.
„Hafi mér tekist að gleða eitt vansælt barn, þá er ég sátt.“

Merkiastburðir

- 1665** Konungslögin um einveldið í Danmörku undirrituð af Friðriki 3.
- 1894** Sjómannafélagið Báran stofnað í Reykjavík.
- 1917** Staðfest lög um sjálfræði og fjárræði manna. Samkvæmt þeim verða menn sjálfráða 16 ára og fjárráða 21 árs. Síðar lækkar fjárræðisaldur í 20 ár hinn 19. desember 1967 og í 18 ár hinn 1. október 1979.
- 1922** Breska ríkisútvarpið BBC hefur útsendingar.
- 1930** Hitaveita Reykjavíkur tekin í notkun með 2.800 metra langri heitavatnslögn frá þvottalaugunum í Laugardal. Þetta var fyrsta hitaveita á Íslandi og tengdust henni 70-80 hús, þar á meðal Sundhöllin og Landspítalinn.
- 1956** Togarinn Fylkir siglir á tundurdufl norður af Straumnesi og sekkur. Öll áhöfnin bjargast um borð í togarann Hafliða.
- 1963** Ríkisstjórn undir forsæti Bjarna Benediktssonar tekur við völdum og situr í tæplega sjö ár.
- 1970** Bílgreinasambandið er stofnað á Íslandi.
- 1972** Dow Jones-vísitalan fer yfir þúsund stig í fyrsta skipti.
- 1985** Hólmfríður Karlsdóttir er kjörin Ungfrú heimur.
- 2007** Jarðskjálfti upp á 7,7 á Richter skekur Chile.
- 2009** Haldinn er um 1.500 manna þjóðfundur í Laugardalshöll í Reykjavík um framtíðarstefnu Íslands.

ÞETTA GERÐIST: 14. NÓVEMBER 1963

Surtseyjargossins fyrst vart

Surtsey er syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum. Hún er eina eyjan sem myndast hefur í mesta neðansjávareldgosi á sögulegum tíma.

Menn urðu gossins fyrst varir klukkan 7.15 að morgni 14. nóvember 1963, þegar það braust upp úr yfirborði sjávar skammt frá fiskibátum Ísleifi II frá Vestmannaeyjum. Skipverjar mældu sjávarhita í hálfra mílu fjarlægð og var hitastigið nálægt 10°C.

Gosið magnaðist hratt og varð hár gosmökkur. Morgunin eftir sást að eyja hafði myndast í gosmekkinum og hefur gosið því hafist nokkrum dögum áður en þess varð vart.

Surtseyjargosið stóð fram til 5. júní 1967, eða í um það bil þrjú og hálf t. ári. Síðan þá hefur flatarmál eyjunnar minnkað úr 2,7 km² í 1,4 km² sökum rofs sjávar og vinda.

Heimild: wikipedia.org.



MYND/ERLING ÓLAFSSON



VIÐURKENNING VEITT Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, ásamt Páli Magnússyni, Hirti Grétarssyni, upplýsingatæknistjóra Reykjavíkurborgar, Sigurði Briem, formanni Orðanefndar rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands, og Haraldi Bernharðssyni.

ÍSLENSK MÁLNEFND OG MS: STÖRF Í ÞÁGU ÍSLENSKRAR TUNGU VERÐLAUNUÐ

Syngjum áfram á íslensku

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölnunnar fór fram á laugardag og þar veitti Íslensk málnefnd þrjár viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu.

Þau er hlutu verðlaun fyrir störf í þágu íslenskrar tungu voru Orðanefnd rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands, Reykjavíkurborg og Ríkisútvarpið.

Orðanefnd rafmagnsverkfræðingadeildar hlaut viðurkenningu fyrir ótult iðorðastarf undanfarin sjötíu ár, en nefndin hefur tekið saman vönduð orðasöfn um efni á borð við þráðlaus fjar-skipti, ljósleiðara- og geimfjarskipti, loftnet og bylgjuútbreiðslu.

Reykjavíkurborg var veitt viðurkenning fyrir að hafa notendaviðmót á íslensku í öllum tölvum í grunnskólum

borgarinnar og loks var RÚV veitt viðurkenning fyrir að gera það að skilyrði að öll lög skuli sungin á íslensku í Söngvakeppni Sjóvarpsins.

Haraldur Bernharðsson, varaformaður Íslenskrar málnefndar, segir viðurkenningarnar verðskuldaðar og nefndin voni að þær virki hvetjandi á aðra til að sinna þessum málum.

„Reykjavíkurborg reið á vaðið og er eina sveitarfélagið sem hefur notendaviðmót á íslensku í öllum tölvum í grunnskólum borgarinnar. Textar í Söngvakeppni Sjóvarpsins hafa smám saman færst yfir á ensku og það þótti okkur leitt. Þetta er alíslensk keppni fyrir íslenska áhorfendur auk þess sem vel gerðir textar geta örvað málnotkun barna. Það er von okkar að í framtíðinni verði iðorðasmíð áfram í blóma,

að önnur sveitafélög fylgi fordæmi Reykjavíkurborgar og auðvitað vonum við einnig að fólk haldi áfram að syngja á íslensku,” segir Haraldur.

Að sögn Haraldar gekk þingið vel og voru lagðar fram þrjár ályktanir um stöðu íslenskrar tungu árið 2011. Þar er meðal annars fjallað um nýlegar tíma varið til móðurmálskennslu en í öðrum norrænum löndum og að nemendur við Kennaraháskólann fái sífellt minni menntun í íslensku.


„Þetta eru óheillavænlegar breytingar og vert að vekja athygli á þessum málefnum,” segir Haraldur Bernharðsson. - sm

Myndir af Jökulsá á Fjöllum

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson opnaði um helgina sýningu í Listasafni ASÍ. Heiti hennar er Móðan gráa – Myndir af Jökulsá á Fjöllum. Sýningin samanstendur af olíumálverkum, vatnslitamyndum og tölvuunnum ljósmyndum af því göróttu fljóti, Jökulsá á Fjöllum. Í olíuverkunum eru blæbrigði lita og forms fljótsins dregin fram og reynt að endurvarpa einhverju af dimmri og þungri orku vatnsins. Í vatnslitaverkunum er hrynjandi árinna dregin fram með skýrri afmörkun forma og aukinni þétni lita. Ljósmyndaverkin bera sameiginlegan titil eða yfirskrift: „Jökulsárarar.“

Sigtryggur er menntaður við Myndlistaskólann á Akureyri, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og National Supérieur des Arts Plastique og hann útskrifaðist úr École des Arts Decoratifs in Strasbourg árið 1994. Hann hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um landið.

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17 og aðgangur er ókeypis. Sýningin stendur til 11. desember.



ÚFIÐ FLJÓT Sigtryggur Bjarni Baldvinsson hefur opnað sýningu í Listasafni ASÍ.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Karólína Kristín

Jónsdóttir Waagfjörð

frá Garðhúsum, áður til heimilis að Hvassaleiti 24,

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 10. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

Ólafur Andrésson

frá Laugabóli, Mosfellsdal, Aspartei 3, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 3. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

Hulda Katla Sæbergisdóttir

Vivian Ólafsdóttir

Anní Ólafsdóttir

Örn Ólafsson

Natan Máni Ólafsson

Valgerður Valgeirsdóttir

og barnabörn.

Elvar Gunnarsson

Hilmir Berg Ragnarsson



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni A. Eiríksson

Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist 5. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

Guðbjörg Árnadóttir

Árni P. Sigfússon

Sonja D. Sigfúsdóttir

Sigfús Jóhannesson

Elvar H. Aðalgeirsson

Sigfús Kári og Dagný Lilja.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Þrjónakaffi Heimilisiðnaðarfélagssins er haldið á Amokka í Kópavogi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar klukkan 20. Þar er vettvangur handverksfólks til að hittast og bera saman bækur og verkefni. Í hverju þrjónakaffi kemur gestur og kynnr hugðarefni sitt.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarngler.is

Lítill fjölskylda í Hlíðunum hefur skreytt garðinn sinn jólaljósum í nóvemberríngingunni.

Ekki byrjuð inni ennþá



Jólin hafa alltaf verið uppáhaldstími ársins hjá mér, en foreldrar mínir eiga bæði afmæli á aðfangadag,“ segir Margrét Ýr Ingimarsdóttir, sem þegar er búin að koma upp jólaljósum í garðinum heima

hjá þeim Ómari Valdimarssyni og Sölkunni, þriggja ára dóttur þeirra. „Ég hef fengið svoltið að ráða jólahaldinu, það er ekki annað hægt þegar maður elst upp við svona mikil jól,“ bætir hún við og minnst æskujólanna með blik í augum.

„Það var alltaf haldið jólaafmæli á aðfangadagsmorgun heima og vinir og fjölskylda streymdi að. Ég þurfti aldrei að bíða eftir jóluum, aðfangadagur leið hratt.“

FRAMHALD | 3

TECE

ideal
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð
45.000

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Draghóls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is



TILBOÐSDAGAR

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

**20%
AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Lampar eru mesta þarfabing á þessum árstíma og um að gera að bæta þeim í öll horn og skúmasket til að skapa notalega birtu á heiminu. Það getur skipt sköpum fyrir andlega líðan í svartasta skammdeginu.

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KUTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.



Ný vörulína frá Tulipop er væntanleg í verslanir í desember. Línan samanstendur af matarstelli sem unnin er upp úr litríkum ævintýraheimi Tulipop og þar bregður ýmsum kunnuglegum persónum fyrir.

Á topplista hjá Taschen

Teikningar eftir listakonuna Signýju Kolbeinsdóttur prýða dagatal útgáfurisans Taschen fyrir komandi ár. Signý er þar í hópi heimspekktra listamanna á borð við Söru Antoinette Martin og Gary Baseman.

Þýski útáfurisinn Taschen gaf í árslok 2009 út bókina Illustration Now! Volume 3 þar sem Signýju Kolbeinsdóttur var skipað í hóp með áhugaverðustu teiknurum heims. Nú hefur Taschen gefið út dagatal sem inniheldur brot af því besta úr bókinni og í því er meðal annars að finna teikningar eftir Signýju.

„Þetta er rosalegur heiður, að vera valin úr hópi þeirra bestu; skemmtilegt áframhald á þessu ævintýri,“ segir Signý ánægð með að Taschen hafi séð ástæðu til að birta aftur hluta teikninganna sem eru teknar úr myndheimi hennar Tulipop, en



Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir standa að baki fyrirtækinu Tulipop.

hann samanstendur af litríkum figúrum í ævintýralegrum umgjörð. Óhætt er að segja að Signý sé heldur ekki í amalegum félagskap í dagatalinu frá Taschen því þar er einnig að

finna myndir eftir heimsfræga listamenn á borð við Söru Antoinette Martin, Gary Baseman og Blanquet og Brosmind svo fáeinir séu nefndir til sögunnar.

Dagatalið er enn ein rósinn í hnappgat Tulipop, sem er hönnunar fyrirtæki í eigu Signýjar og Helgu Árnadóttur. En nýverið bættust YoYa Mart og hinar þekktu Pylones-verslanir í New York í hóp söluaðila þess. Þá hefur Tulipop landað samningi við stóra dreifingaraðila á Englandi. Fyrir eru vörur fyrirtækisins seldar í á fjórða tug verslana á Íslandi, í Svíþjóð og Bandaríkjunum.

„Eiginlega er bara allt að gerast hjá okkur um þessar mundir, þessir samningar sem eru ákveðinn gæðastimpill fyrir okkur og munu opna ýmsar dyr, Taschen dagatalið, blaðaumfjallanir og svo ný vörulína sem er unnin upp úr myndheimi Tulipop. Fyrstu eintök voru einmitt að koma í hús og fara í verslanir í byrjun desember,“ segir Signý. roald@frettabladid.is



Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 16 nóvember

Gólfdukur skynsamleg, smekkleig og hagkvæm lausn



Eldhúsið

hjarta heimilisins



Svefnherbergið

þægilegt andrúmsloft



Forstofan

einfaldara verður það ekki



Stofan

alltaf jafn heimilislegt



Badherbergið

hlýtt og mjúkt undir fæti



Heimilisdukur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdukk og teppi



SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

BORVÉLAR

MÁNUDAGUR 14. NÓVEMBER 2011

Kynningarblað

Borar
Iðnaðarmannavélar
Heimilisélar
Gjafir
Nýjungar
Fylgihlutir

Vélarnar vinsælar jólagjafir

Húsasmiðjan býður upp á mikið úrval borvéla í merkjum á borð við Hitachi, Black & Decker, Worx og Power Plus. Breiddin er mikil og geta viðskiptavinir fundið allt frá venjulegum heimilisérum upp í vandaðri iðnaðarmannavélar.

Húsasmiðjan býður upp á eitt mesta úrval landsins af borvélum,“ segir Jón Örn Bragason, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni. Stærsta vörumerki fyrirtækisins er Hitachi. Reynsla af vélum frá því merki hefur verið afar góð enda hefur Húsasmiðjan selt þær rúm 20 ár. „Saga Hitachi á Íslandi hófst fyrir 35 árum og eru þær vel þekktar meðal iðnaðarmanna,“

„Við erum líka með Black & Decker,“ segir Jón Örn og nefnir einnig til sögunnar vélar frá Worx. „Við höfum sölu á þeim fyrir fjórum árum. Fyrirtækið framleiddi áður vélar fyrir aðra, en kom með sína eigin línu undir nafni Worx fyrir nokkrum árum, Húsasmiðjan ákvað að bjóða uppá iðnaðarlínuna frá Worx og nýtur hún vaxandi vinsælda, enda verðin góð“

Fyrir heimilin nefnir Jón Örn vélar frá Black og Decker og Power Plus. „Flestir þekkja Black og Decker enda verið til á Íslandi í fjölda mörg ár, nánast svo lengi sem elstu menn muna. Í dag er BD bara með heimilislínu eða vélar fyrir einstaklinga og er úrvalið mjög gott. Power Plus er ódýr lína, okkar „lægsta lága verð“ eins og við köllum hana og þar má fá borvélar allt niður í 2.995 krónur. Þetta eru fyrst og fremst heimilisélar, fyrir minni háttar verkefni,“ segir hann

En að hverju þarf að huga við kaup á borvélum? „Til dæmis í hvað á að nota hana, á að bora í stein, málm, tré eða gips? En aðalmálið er hversu mikið ætlar þú að nota vélina? Þetta eru m.a. atriði sem þarf að hafa í huga,“ svarar Jón Örn og bætir við að það sé ekkert öðruvísi að velja sér borvél en annað venjulegt heimilistæki á borð við kaffivél. „Eftir því sem þú ætlar að nota vélina meira því vandaðri þarf hún að vera.“



Jón Örn Bragason vörustjóri segir úrvalið af borvélum ákaflega mikið í Húsasmiðjunni.

MYND/STEFAN

Til að auðvelda fólki valið á borvélum og öðrum tækjum eru starfsmenn reiðubúnir til að leiðbeina. „Við erum með afar gott starfsfólk í okkar verslunum,“ segir Jón Örn. Mikil þörf er á slíkri aðstoð þessa dagana enda margir að huga að jólagjöfum. „Þá þurfum við oft að hjálpa til við valið en annars reynum við að raða vélunum upp í búðunum okkar þannig að fólk fái ekki valkvíða. Öll merkin eru á sama stað svo auðvelt er að velja sér verkfæri við hæfi,“ segir hann og bendir á að verðbilið á borvélum sé einnig mikið. „Hér er hægt að fá rafmagns-

borvélar frá 2.995 krónum og allt upp í rafhlöðuborvélar sem kosta 70 þúsund krónur.“

Inntur eftir úrvali fylgihluta segir Jón Örn afar mismunandi hvað fylgi með. „Það er sjaldgæfara að margir hlutir fylgi með borvélum fyrir iðnaðarmenn. Black og Decker útbjó nokkur skemmtileg sett fyrir jólin, eitt þeirra inniheldur höggborvél í vandaðri verkfæratosku með nauðsynlegum fylgihlutum. Húsasmiðjan býður líka upp á flott úrval af bora-, bita- og toppasettum sem skemmtilegt er að setja í pakkann með vélinni“

Líkt og með allar aðrar vélar þá geta borvélar bilað. Þá er hjálpin nærri því Húsasmiðjan rekur sitt eigið verkstæði. „Það er lyklatríði að viðgerðarþjónustan sé skjót og góð,“ segir Jón Örn. Rafmagnsverkstæðið er nýflutt í húsnæði í Skútuvog 12 sem er næsta hús við hliðina á versluninni í Skútuvoginum. Verkstæðið sér um allar viðgerðir á vörumerkjum Húsasmiðjunnar, hvort sem það eru rafmagnsverkfæri eða heimilistæki. Á sama stað er til húsa lyklatríði Húsasmiðjunnar þar sem hægt er að fá smíðaða húslykla, kerfislykla og bíllykla.

RAFHLÖÐUVÉLAR VINSÆLAR

Rafhlöðuborvélar/skrúfvélar njóta sívaxandi vinsælda og hefur þróunin í slíkum vélum verið ansi hröð. Áður fyrr voru vélar þungar og aflminni en í dag eru þær mun léttari og aflmeiri. Hitachi DS10DFL sem er í flokki 10,8 V batteriséla er ein sú léttasta á markaðnum en dugleg og er gríðarlega vinsæl meðal iðnaðarmanna. Hún vegur aðeins 1 kg með rafhlöðunni og kemur í vandaðri tösku með 2 rafhlöðum, sem tekur aðeins 40 mín að fullhlaða - Led-ljós er innbyggt í vélinni til að auðvelda vinnu t.d. inni í skápum o.s.frv. Svona vél kostar 19.955.



HÖGGBORVÉL

Black og Decker-höggborvél er 710 W og kemur með 13mm patrónu.

Þetta er aflmikil vél sem hentar heimilinu til flestra nota og ekki skemmir fyrir að núna kemur hún í vandaðri verkfæratosku með nauðsynlegum fylgihlutum, t.d. málningarhræru. Taskan er það rúm að hún tekur fleiri fylgihluti ef eigandi skyldi seinna vilja bæta einhverju við í safnið.

Kostar 12.995.



HITACHI

á heima í Húsasmiðjunni.



HÚSASMIÐJAN



HITACHI
POWER TOOLS

Ný lína, endurhönnuð frá grunni

Í verslunum Sindra að Viðarhöfða 6 og Bæjarhrauni 12 skipa DeWalt-handverkfæri stóran sess enda gildir hið fornkeðna um þá tegund að lengi getur gott batnað. Það getur Hákon Ingi Jörundsson, verslunarstjóri á Viðarhöfðanum, staðfest.



„Aðalatriðið er að borvélarnar eru sífellt að verða léttari og nettari en jafnframt öflugri,“ segir Hákon Ingi verslunarstjóri.

MYND/ANTON

Flestir fagmenn þekkja DeWalt-borvélar og nú er komin ný lína af þeim, endurhönnuð frá grunni. Þróunin er svo hröð í þessari tækni að það er alltaf að koma eitthvað nýtt,“ segir Hákon Ingi Jörundsson, verslunarstjóri í Sindra. „Aðalatriðið er að borvélarnar eru sífellt að verða léttari og nettari en jafnframt öflugri,“ segir Hákon og lýsir hönnuninni nánar. „DeWalt hefur nú horfið frá því að vera með batterí sem stingst upp í handfangið á vélinni yfir í það að vera með renndar rafhlöður. Það gerir það að verkum að handfangið er orðið minna og mun betur formað fyrir hendina, til gamans má geta þess að DeWalt er með fimm einkaleyfi á handfanginu.“

Fleira hefur breyst í borvélunum að sögn Hákonar Inga. Mótórin hefur minnkað að umfangi en er að skila 15% meiri vinnslu og rafhladan að skila allt að 30% lengri vinnslutíma. „Þannig að með nýju vélunum geta menn unnið allt að 30% lengur án þess að hlaða,“ segir hann. Allar eru vélarnar með led-ljósi og snjallrofinn í þeim passar upp á að rafhladan ofhitni ekki. „Það er yfirálagsvörn í rofanum, sem er mjög mikilvægt, og að auki er ekki lengur neitt minni í rafhlöðunum,“

tekur Hákon Ingi fram. Segir vélarnar hafa styst og því séu þær ekki eins fröngar og áður. „Þegar þyngdardreifingin er rétt fer vélin betur í hendi og er þægilegri í vinnu,“ segir hann og bendir á að það sé líka gott að hægt sé að leggja vélarnar frá sér án þess að þær detti fram fyrir sig.

Um þrjár stærðir á borvélum er að ræða frá DeWalt, 10,8 volt, 14,4 volt og 18 volt. Hákon Ingi segir 18 volta vélina vera þá

vinsælustu.

„Minnsta vélin kom á markaðinn í fyrra og var sú fyrsta með þessu nýja handfangi og nýju rafhlöðum. Hinar komu með þeim útbúnaði í sumar og viðtökurnar hafa verið mjög góðar.“

DeWalt-merkið er þekkt á mörgum rafhlöðuknúnum tækjum. Má þar nefna slípirokka, kítisbyssur og sagir. Hleðslutækið hleður

ur allar rafhlöður frá 10,8 upp í 18 volt. „Það býður enginn keppinautur jafn mikinn fjölda véla innan sömu línunnar,“ fullyrðir Hákon Ingi. „Eftir næsta ár er reiknað með að tækin í 18V línunni verði orðin 37.“



BOSCH

Þýsk gæðavara sem fæst í BYKO







BOSCH

Blár fyrir fagmenn



BOSCH

Grænn fyrir heimilið

EXPO - www.expo.is

Bosch í leik og starfi

síðasta sundið. Ég ætlaði mér að fara á 2:08,00 en ég bjóst samt ekki við því að ég myndi ná því. Við Anton erum ekki alveg fullhvíld því við ætlum að ná að toppa á NMU í desember. Ég vona að ég geti haldið áfram að bæta mig,“ segir Eygló en Ægiringurinn Anton Sveinn McKee náði besta afreki karla á mótinu þegar hann setti Íslandsmet í 1.500 metra skriðsundi og vann alls fjögur einstaklingsgull á mótinu.

Eygló var á leiðinni á lokahöf Sundsambandsins þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. Hún gaf allt sitt í mótið og uppskar frábæran árangur. „Ég brosi næstu dagana en ég er mjög þreytt núna,“ sagði Eygló Ósk að lokum.

ooj@frettabladid.is



ÞRjú ÍSLANDSMET Inga Elín Cryer úr ÍA stóð sig frábærlega um helgina, en hún setti Íslandsmet í öllum þremur greinum sem hún vann.

Ásdís Árnadóttir
 hefur hafið störf hjá
 Sjúkraþjálfuninni AFL, Borgartúni 6

Tímamantanir í síma 511 4111

SJÚKRAPJÁLFUN
AFL

www.afid.is

Það reynir mikið á lið ÍR í Iceland Express-deild karla í körfubolta þessa dagana:

Þriðja áfallið á stuttum tíma

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar urðu fyrir enn einu áfallinu í vikunni þegar Bandaríkjamadurinn Willard Johnson fingurbrotnaði illa á æfingu liðsins.

Þetta er þriðja áfallið á stuttum tíma því fyrirlíðinn Sveinbjörn Claessen er frá út tímabilið vegna hnémeiðsla og Bandaríkja-

ROBERT JARVIS Spilaði með ÍR-liðinu vorið 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



maðurinn James Bartolotta nefbrotnaði illa í leik gegn Grindavík. ÍR-ingar riftu samningi við Willard Johnson og í stað hans kemur bandaríski bakvörðurinn Robert Jarvis.

Jarvis þekkir nokkuð vel til ÍR því að hann lék með liðinu síðustu sjö leikina tímabilið 2009-2010. Jarvis var þá með 25,4 stig og 6,4 stoðsendingar að meðaltali og stóð sig vel.

Gerplukonur urðu Norðurlandameistarar í hópfirmleikum þrátt fyrir mörg áföll rétt fyrir mót:

Dáist að hörkutólunum í liðinu sínu

HÓPFIMLEIKAR Gerplukonur fylgdu Evrópumeistarattitlinum sínum í fyrra eftir með því að verða Norðurlandameistarar í Larvík í Noregi um helgina. Sigur Gerpluðsins var sannfærandi en jafnframt mikið afrek fyrir liðið því það varð fyrir forföllum í aðdraganda mótsins. Íris Mist Magnúsdóttir, aðalstjarna liðsins, gat sem dæmi ekki verið með eftir að hún sleit hásin skömmu fyrir mót.

„Við vorum með rosalega mörg stökk sem við misstum sem hefðu verið mjög flott úti. Við náðum samt að klára þetta þrátt fyrir það, sem sýnir það hversu miklum styrk við búum yfir sem lið,“

sagði Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir, fyrirliði Gerpluðsins.

„Maður var samt farinn að velta því fyrir sér hvort örlögin væru á mótinu okkur en það átti bara kannski að gera þetta aðeins erfiðara fyrir okkur,“ sagði Hrefna, en Sif Pálsdóttir sem meiddist á ökkla fyrir skömmu harkaði af sér og kláraði fjögur stökk.

„Það eru engir tveir sigrar eins, en þessi verður alveg sérstaklega eftirminnilegur. Maður horfir til baka og dáist að því hversu mikil samstaða var hjá okkur og hversu mikil hörkutól eru í þessu liði,“ segir Hrefna. Gerplustelpurnar fóru á kostum á gólfinu og náðu

þar bestu einkunn allra liða, karla og kvenna, á mótinu.

„Dansinn tókst rosalega vel hjá okkur. Þetta var síðasta áhaldið okkar og við vissum að ef við kláruðum hann væru allar líkur á því að við myndum vinna. Við gáfum allt okkar í þennan dans,“ segir Hrefna.

Gerpla hafði lent í þriðja sæti á síðasta Norðurlandamóti en vann nú gullið eins og árið 2007. „Nú stefnum við á það að toppa okkur og halda Evrópubikarnum. Það hefur ekkert lið gert, það er að verða Evrópumeistari, Norðurlandameistari og svo aftur Evrópumeistari,“ sagði Hrefna. - óóó



HREFNA HÁKONARDÓTTIR Varð líka Norðurlandameistari árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



RÓBERT KRISTMANNSSON Vann bronsannað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

N-Evrópumótið í fimleikum:

Þrenn íslensk bronsverðlaun

FIMLEIKAR Hildur Ólafsdóttir og Róbert Kristmannsson og íslensks kvennasveitin unnu bronsverðlaun á Norður-Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem lauk í Uppsölum í Svíþjóð í gær. Hildur vann bronsið sitt á gólfi en Róbert á bogahesti. Róbert varð einnig þriðji á þessu móti í fyrra.

Viktor Kristmannsson og Bjarki Ásgeirsson voru báðir líklegir til að vinna verðlaun í úrslitum á áhöldum í gær en tókst ekki nógu vel upp. Bjarki varð í fjórða sæti á bogahestinum þrátt fyrir fall og Viktor var að glíma við bakmeiðsli. Róbert Kristmannsson gerði hins vegar fínar æfingar á svifranni og endaði í fjórða sæti.

Íslenska kvennasveitin vann brons í fjölþrautinni á laugar-daginn. Íslenska liðið skipuðu þau Thelma Rut Hermansdóttir, Agnes Suto, Hildur Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi og Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir. Thelma náði bestum árangri íslensku stelpnanna í fjölþraut og varð þar í 9. sæti. Strákasveitin lenti í 4. sæti, hársbreidd frá bronsinu, og bræðurnir Viktor og Róbert Kristmannssynir voru jafnir í 7. til 8. sæti í fjölþrautinni. - óóó

DUROL
BURSTAMOTTAN



- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is



Developed with Scuderia Ferrari



Þegar þú fyllir á tankinn með Shell V-Power fær bíllinn það eldsneyti sem við höfum lagt hvað mesta þróunarvinnu í, þau 60 ár sem við höfum starfað með Ferrari. Afrakstur þess samstarfs er einstök eldsneytisblanda sem þróuð er til að hreinsa vélina að innan, bæta endingu hennar og auka þar með afköstin.



Shell
V-Power

Aukin afkastageta með framúrskarandi tækniþróun.

Ragna Ingólfssdóttir vann Iceland International badmintonmótið í fimmta sinn í röð:

Lét ekki stælana og lætin stoppa sig

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir tryggði sér sigur á fimmta Iceland International-mótinu í röð þegar hún vann sigur á Akvile Stapusaityte frá Litháen eftir æsispenandi úrslitaleik.

„Þetta var erfiður og mjög spennandi úrslitaleikur. Ég var búin að spila við hana áður og hef yfirleitt tekið hana nokkuð örugglega en hún spilaði bara rosalega vel í dag,“ sagði Ragna, en loturnar fóru 21-18, 17-21 og 21-17. „Það tók aðeins á taugarnar að ég er ekki búin að tapa leik á þessu móti síðan ég tapaði 2005. Það var draumurinn að geta tekið þetta fimm sinnum í röð og það er líka sterkt að

vinna á heimavelli á Ólympíuári og fá öll þessi stig,“ sagði Ragna.

„Þessi stelpa fór líka á Ólympíuleikana síðast og er að reyna að komast aftur núna,“ sagði Ragna, en litháíska stelpa reyndi allt til þess að taka hana á taugum.

„Hún kom með þvílíkum baráttuhug inn í leikinn og öskraði í hverju einasta höggi. Hún var með dálítið mikla stæla á móti mér allan tímann. Ég byrjaði ekki að taka þátt í þessu fyrir en í oddalotunni. Þá byrjaði ég aðeins að öskra á móti og reyndi að fá áhorfendur til að klappa meira fyrir mér,“ segir Ragna, sem sneri lotunni

sér í vil með frábærum spretti.

„Ég var 9-11 undir í oddalotunni en náði að vinna átta bolta í röð eftir það og var þá komin í 17-11. Eftir það var þetta nokkuð öruggt. Hún mætti þarna til þess að reyna að gera einhverjar glórir og það voru þvílík læti í henni. Það setti smá pressu á mig því hún var að reyna að pirra mig. Ég náði að loka á þetta og toppa á réttum tímavarki í leiknum,“ sagði Ragna.

Tinna Helgadóttir og Snjólaug Jóhannsdóttir unnu tvíliðaleik kvenna á mótinu en Magnús Ingi Helgason og Helgi Jóhannesson urðu í öðru sæti tvíliðaleik karla.



FIMM GULL AF FIMM MÖGULEGUM Ragna Ingólfssdóttir hefur ekki tapað á Iceland International mótinu síðan árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eftirlæti

...endilega þáið ykkur

Sumir líta á Hrismjólkina sem sparimorgunmat, aðrir sem gómsætt millimál. En það er vel þekkt leyndarmál að Hrismjólkinn er líka glæsilegur eftirrættur í skál sem þú getur reitt fram hraðar en gestirnir ná að segja: „Takk fyrir mig.“



...hvert er þitt eftirlæti?



www.ms.is

Barátta Rögnu fyrir ÓL-sæti:
Sjötta góða mótið í ár

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir er, eftir sigurinn í gær, á góðri leið með að tryggja sér sæti á öðrum Ólympíuleikunum í röð. Heimslistastaðan í byrjun maí 2012 segir til um hverjir hljóta þátttökurétt á Ólympíuleikunum í London næsta sumar.

„Þetta er sjötta góða mótið mitt og ég þarf helst að ná tíu góðum mótum til að komast inn á Ólympíulistann. Ég vil helst vera með meðaltal á bilinu 2.200 til 2.500 sem mun skila mér í kringum 50. sæti á heimslistanum. Það er rosalega gott að fá 2.500 stig fyrir þetta mót og svo náði ég 2.700 stigum í Þýskalandi um síðustu helgi. Ég er aðeins að hækka meðaltalið,“ segir Ragna, en hún keppir næstu tvær helgar á mótum í Noregi og Skotlandi.

„Ég á eftir að ákveða hvað ég ætla að gera í desember en það fer líka svoltið eftir því hvernig mér gengur á þessum mótum. Nú er fimm og hálfur mánuður í Ólympíulistann og ég á eftir að ná nokkrum góðum mótum. Ég þarf að reyna að velja mér flott mót til að fá góð stig á,“ sagði Ragna. - 66j



PORMÓÐUR Steig stórt skref í átt að leikunum í London. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pormóður Jónsson:
Silfurverðlaun á Samóaejnum

JÚDÓ Júdokappinn Þormóður Jónsson úr JR stóð sig frábærlega á Heimsbikarmótinu á Apia á Samóaejnum um helgina.

Þormóður vann silfur í +100 kílóa flokknum, en á leið sinni í úrslitin sló hann út menn sem allir voru ofar á heimslistanum en hann sjálfur. Mótherjar hans á leiðinni í úrslitaviðureignina voru frá Líbanon, Mongólíu og Argentínu.

Þormóður vann allar þrjár glímurnar af öryggi og í úrslitaglímunnunni gegn Sherrington frá Bretlandi leiddi Þormóður nánast allan tímann.

Þessi árangur Þormóðs færir hann mun ofar á heimslistanum, sem líkast til dugur honum til að komast á Ólympíuleikana í London á næsta ári. - 66j



ÓSTÖÐVANDI FYRIR UTAN FH-ingurinn Ólafur Gústafsson skorar hér eitt af mörgum glæsismörkum sínum á mótum Akureyrri í gær. FRÉTTAABÍÐ/ANTON

FH-ingar rasskelltu Akureyri í sextán liða úrslitum Eimskipsbikarsins í gær:

Það áttu margir leikmenn toppdag

HANDBOLTI FH fór létt með að slá Akureyri út úr Eimskipsbikarnum í gær, en liðin mættust í Kaplakrika þar sem FH-ingar unnu þrettán marka sigur, 34-21, á lánlausum norðanmönnum. Fimleikafélagið er því komið í 8 liða úrslit en þátttöku Akureyrar er lokið í keppninni í ár. FH-ingar voru sterkari aðilinn alveg frá fyrstu mínútu í leiknum og var sigur þeirra aldrei í hættu. Ólafur Gústafsson fór mikinn í liði FH og skoraði 9 mörk í leiknum.

„Við bjuggumst ekki við því að vinna þennan leik svona

sannfærandi, en það áttu margir leikmenn toppdag hjá okkur.“ sagði FH-ingurinn Ólafur Gústafsson.

„Við fundum alltaf leið í gegnum vörn þeirra og það gekk allt upp sóknarlega hjá okkur í dag. Við viljum tileinka Hemma sigurni í dag og sendum kveðjur til aðstandenda hans.“ sagði Ólafur. Hermann Fannar Valgarðsson lést í síðustu viku, en hann var mikill FH-ingur og sorg ríkir þessa dagana í Hafnarfirði vegna andláts hans.

„Það var hreinlega valtað yfir okkur í dag og ömurlegt hvernig

við náguðumst þennan leik. Við vorum til skammar.“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, eftir leikinn.

„Við vorum langt á eftir þeim í hálfleik en komum sterkir út í síðari hálfleikinn. Náum að minnka muninn í þrjú mörk en missum FH-ingana aftur of langt frá okkur og þá gefast menn upp. Við erum að nýta færin illa en við fáum fullt af dauðafærum í þessum leik sem misfarast. Það var erfitt að vera svona mikið einum færri og það varð okkur í raun að falli í dag.“

- sáþ

ÚRSLITIN Í GÆR

Eimskipsbikarinn

FH - Akureyri 34-21 (16-9)

Mörk FH: Ólafur Gústafsson 9, Örn Ingi Bjarkason 4, Halldór Guðjónsson 4, Þorkell Magnússon 8, Hjalti Pálmason 2, Andri Berg Haraldsson 2, Bjarki Jónsson 1.

Varin skot: Daniel Freyr Andrésson 16

Mörk Akureyrar: Heimir Örn Árnason 7, Guðmundur Hólmar Helgason 5, Bjarni Fritzon 5, Geir Guðmundsson 2, Heiðar Þór Aðalsteinsson 2, Oddur Grétarsson 1.

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 15, Stefán Guðnason 1

Valur 2 - Fram 24-40 (11-16)

Mörk Vals 2: Fannar Þorbjörnsson 9, Einar Örn Jónsson 7, Ólafur E. Ómarsson 4, Davíð Höskuldsson 1, Ásbjörn Stefánsson 1, Erlendur Egilsson 1, Ragnar Ægisson 1.

Mörk Fram: Einar Rafn Eiddsson 10, Sigurður Eggertsson 6, Ægir Hrafn Jónsson 5, Róbert Aron Hostert 5, Stefán B. Stefánsson 4, Jóhann Gunnar Einarsson 4, Matthías Daðason 2, Garðar B. Sigurjónsson 2, Sigfús P. Sigfússon 1, Jóhann K. Reynisson 1.

ÍBV 2 - HK 2 24-19 (9-6)



ARON PÁLMARSSON Fór meiddur af velli. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Tólf sigrar í röð hjá Kiel:

Aron og Ahlm meiddust báðir

HANDBOLTI Alfreð Gíslason stýrði Kiel til sigurs í tólfra leiknum í röð í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta um helgina þegar liðið vann 36-26 sigur á TBV Lemgo. Alfreð missti þó tvo leikmenn meidda af velli.

Sænski línumaðurinn Marcus Ahlm meiddist á hné og Aron Pálmarsson kláraði ekki leikinn vegna meiðsla á öxl.

„Það var slæmt að missa Marcus og við munum sakna hans. Læknirinn okkar hefur samt útilokað krossbandslit. Vinstri öxlin hans Arons er síðan spurningamerki og þetta er dýrkeyptur sigur ef við missum þá báða út.“ sagði Alfreð í viðtali á heimasíðu Kiel. - óþj

Spænski körfuboltinn:

Jón Arnór með sinn besta leik

KÖRFUBOLTI Jón Arnór skilaði dýrmætum 13 stigum á aðeins 20 mínútum þegar CAI Zaragoza endaði þriggja leikja taphrinu með 67-59 sigri á Murcia í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gær. Þetta var í fyrsta sinn sem hann rýfur tuttu stiga múrinn í búningi CAI Zaragoza. Jón Arnór var aðeins búinn að skora samtals 9 stig á 44 mínútum í síðustu þremur leikjum. - óþj



- Lifid heil

www.lyfja.is

Strofið er sérlega teygjanlegt, aflíðandi og þrengir ekki að fætinum.

Netofið efni ofan á ristinni til að auka loftun.

Hællinn er formaður eftir fætinum og er sérbólstraður.

Saumlaus bólstrun í kringum tærnar og undir tábergið.

Þægilegur stuðningur undir ilina svo sokkurinn sitji enn betur.



+ Dr. Comfort heilsusokkar

Dr. Comfort heilsusokkarnir eru sérhannaðir fyrir þá sem hafa **sykursýki, gigt, bjúg, taugakvilla** og/eða **skert blóðflæði í fótum** en henta líka öllum þeim sem vilja þægilega og vandaða sokka.

- Einstaklega þægilegir
- Saumlausir og hlífa fótunum mjög vel
- Innihalda nanó-bambus-koltrefjar
- Geta minnkað vandamál tengd blóðrás
- Geta minnkað þreytu og verki í fótum
- Minnka líkur á sáramyndun
- Stuðla að þægilegu hita og rakastigi
- Hamla vexti örvera og minnka lykt
- Endingargóðir og halda sér vel
- Eru til í X-vídd fyrir þá sem hafa mikinn bjúg

+ Kynning í Lyfju Lágmulu í dag, mánudag milli kl. 14 og 18.

„Ég heiti Gísli Lárusson og er sykursjúkur. Í mörg ár hef ég verið að fá mikinn bjúg á fætur, var kominn með húðbreytingar og kominn með taugaskaða í fótum. Ég hef verið í sjúkrasokkum í mörg ár en var hættur að þola þá vegna verkja í fótum auk þess sem fannst alltaf eins og mér væri kalt á fótum þó þeir væru heitir viðkomu. Í sumar var staðan orðin þannig að ég gat varla gengið nokkuð vegna verkja og eins og ég sagði þóldi ekki við í sokkunum þannig að ég var kominn með mikinn bjúg á fætur. Þá var mér sagt frá heilsusokkum sem heita Dr. Comfort og væru sérhannaðir fyrir fólk eins og mig. Mér fannst ég ekki hafa neinu að tapa þannig að ég prufaði þá. Í dag eru verkimir mikið minni og bjúgurinn líka auk þess sem mér er þægilega heitt á fótum. Ég get gengið án verkja, sem er ekki lítið. Þessir sokkar líta út fyrir að vera venjulegir bómullarsokkar en eitthvað í þeim virkar ótrúlega vel og hefur alveg gerbreytt minni líðan.“

Gísli Lárusson, 71 árs Kópavogsbúi

> Stöð 2 kl. 20.10
Glee

Það verður líf og fjör í verðlaunabátaráðinni *Glee á Stöð 2* í kvöld. Írskur skiptinemi er mættur í skólann og býr heima hjá Brittany. Hann er bálskotinn í henni en hún er ekki alveg viss um að hann sé mennskur. Það hitnar líka í kolunum í kosningabaráttunni hjá Sue.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON DÁIST AÐ TUNGUMÁLAHÆFILEIKUM

Hæfileikaríkur leikarahópur

Það gerist að ég missi af vinsælum bíómyndum á meðan þær eru sýndar í kvikmyndahúsum og sé þær svo ekki fyrr en mörgum árum eftir að þær slógu í gegn. Kvikmyndin IngLOURIOUS Basterds er ein af þessum myndum sem ég missti af, en ég sá hana í fyrsta sinn um síðustu helgi. Leikstjóri IngLOURIOUS Basterds er hinn hæfileikaríki Quentin Tarantino, sem stýrir alþjóðlegum og hæfileikaríkum leikarahópi sem samanstendur meðal annars af Brad Pitt, Michael Fassbender, Diane Kruger og Christoph Waltz. Sagan gerist í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá hópi bandarískra hermanna sem ganga undir nafninu IngLOURIOUS Basterds. Hlutverk þeirra er einfalt; að

drepa eins marga háttsetta nasista og mögulegt er og skapa þannig ótta og sundrung meðal þeirra. Inn í þetta tvinnast svo sögur annarra persóna eins og gyðingsstúlkunnar Shosönnu. Myndin var góð en það sem vakti mesta aðdáun mína var tungumálhæfileikar leikaranna og þá sér í lagi hins austurríska Waltz, sem talar reiprennandi ensku og frönsku og lærði að auki ítölsku fyrir hlutverk sitt. Kruger er sömuleiðis mikill tungumálanillinger og virtist jafnvíg á þýsku, frönsku, ensku og ítölsku. Eftir áhorfið dauðlangaði mig að þússa upp á tungumálakunnáttu mína og hefði þá horft reglulega á ARD, BBC, DR1 og SVT1.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunbáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Stefnumót
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagsíð í nærmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 13.00 Hringsól
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Bak við stjómur
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpsagan: Fótspor á himnum
- 15.25 Fólk og fraði
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.20 Auglýsingar
- 18.21 Spjallinn
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Kvika
- 21.10 Ópus
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Tónlistarklúbburinn
- 23.05 Glæta
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 14.40 Silfur Egils (e)
- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Húrra fyrir Kela (50:52)
- 17.43 Mærin Mæja (40:52)
- 17.50 Babar (2:26)
- 18.15 Táknálsfréttir
- 18.25 Ekki gera þetta heima (Ikke gjør dette hjemme)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfregnir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Maður og jörð – Fjöllin - Lífið í þunna loftinu (5:8) (Human Planet) Heimildamyndaflokkur frá BBC um samband manns og náttúru. Í hverjum þætti er sjónum beint að einni tegund vistkerfa: hafinu, eyðimörkum, frumskógum, fjöllum og svo framvegis, og sagt frá því hvernig mannskepnan hefur samið sig að aðstæðum sem oft eru ólíðar.
- 20.55 Stundin (5:6) (The Hour) Nýr breskur myndaflokkur um nýjstirnir í kalda stríðinu. Sagan gerist árið 1956 og aðalpersónur hennar eru fréttamenn hjá BBC sem komast á snóðir um skuggalegt samsæri.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfregnir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.00 Réttur er settur (20:25) (Raising the Bar)
- 23.45 Kastljós (e)
- 00.05 Fréttir
- 00.15 Dagskrárlök

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (63:175)
- 10.15 Masterchef (4:13)
- 11.00 Mercy (12:22)
- 11.50 Lie to Me (18:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance (6:23)
- 14.30 So You Think You Can Dance (7:23)
- 15.15 ET Weekend
- 16.05 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (3:21)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm in the Middle (13:16)
- 19.45 The New Adventures of Old Christine (17:21)
- 20.10 Glee (4:22) Þriðja gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólánemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísu þrátt fyrir mikið mótæti frá klappstýrkenningarum Sue sem nýtir hvert tækifæri til þess að koma höggi á söngkenningarann Will og hæfileikahópinn hans. Fjölmargar gestastjörnur bregða á leik í þáttunum.
- 20.55 Covert Affairs (6:11) Ný og spennandi þáttaröð í anda Chuck um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.
- 21.40 Celebrity Apprentice (2:11)
- 23.10 Twin Peaks (4:8)
- 23.55 Two and a Half Men (13:16)
- 00.20 Mike & Molly (9:24)
- 00.40 Chuck (8:24)
- 01.25 Terra Nova
- 02.10 Community (5:25)
- 02.35 Stuey
- 04.30 Saving Grace (7:14)

SPORT besta sætið

- 16.30 Australian Open
- 20.30 F1: Við endamarkið
- 21.00 Small Potatoes - Who Killed the USFL Einstök heimildarmynd um tilraun sem gerð var árið 1983 til að setja á fót nýja deild í amerískum fótbolta í beinni samkeppni við NFL.
- 21.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (e)
- 23.50 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

SPORT 2 enski boltinn

- 17.45 Premier League Review 2011/12
- 18.40 Muller Næstur í röðinni af bestu knattspyrnumönnum samtímans er enginn annar en Gerd Muller.
- 19.10 Tottenham - Man. City
- 21.00 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalseildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
- 22.00 Football League Show
- 22.35 Man. Utd - Arsenal

EXTRA

- 19.25 The Doctors (155:175)
- 20.10 Wonder Years (11:17)
- 20.35 Wonder Years (12:17)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Heimsendir (6:9) Ný íslensk þáttaröð frá þeim sömu og færðu okkur Fangavaktina. Þættirnir gerast á afskektri geðdeild árið 1992, nánar tiltekið um Verslunarmannahelgina. Þar kynnumst við skemmtilegum persónum; starfsmönnum og vistmönnum.
- 22.30 The Killing (8:13)
- 23.20 Mad Men (3:13)
- 00.10 Fangavaktin
- 00.45 The New Adventures of Old Christine (17:21)
- 01.05 Wonder Years (11:17)
- 01.25 Wonder Years (12:17)
- 01.45 The Doctors (155:175)
- 02.30 Sjáðu
- 02.55 Fréttir Stöðvar 2
- 03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.10 Game Tívi (9:14) (e)
- 16.40 Rachael Ray
- 17.25 Dr. Phil
- 18.10 Life Unexpected (10:13) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (16:48)
- 19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (17:22)
- 19.45 Will & Grace - OPIÐ (16:22) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (7:13) Illgjarni matreiðsluáðurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við.
- 21.00 Parenthood (13:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatisk. Jabbar á í erfiðleikum með að koma fram og Crosby og Jasmine reyna að hjálpa honum.
- 21.45 CSI: New York - LOKAPÁTTUR (22:22) Bandarísk sakamálaferja um Mac Taylor og félag hans í tæknideild lögregluinnar í New York. Í þessum lokapætti reynir Mac að hafa uppi á súlku sem hvarf ári 2002 eftir að hafa orðið vitni að skelfilegum morðum.
- 22.35 Jimmy Kimmel Húmoristinn Jimmy Kimmel er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs.
- 23.20 Law & Order: Special Victims Unit (9:24) (e)
- 00.05 United States of Tara (6:12) (e)
- 00.35 Outsourced (9:22) (e)
- 01.00 Kitchen Nightmares (7:13) (e)
- 01.45 Everybody Loves Raymond (e)
- 02.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.00 Barclays Singapore Open (2:2)
- 11.00 Golfing World 11.50 Ryder Cup 2010 (4:4)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Barclays Singapore Open (2:2)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 The Open Championship Official Film 2010
- 23.45 ESPN America

N4

18.00 Að norðan

BBC entertainment

- 09.05 The Weakest Link
- 09.50 Live at the Apollo
- 10.35 Jane Eyre
- 11.30 EastEnders
- 12.00 Derren Brown: The System
- 12.50 Come Dine With Me
- 13.40 Allo Allo!
- 14.05 Inspector Lynley Mysteries
- 14.40 Deal or No Deal
- 16.15 Come Dine With Me
- 17.05 Derren Brown: The System
- 17.55 QI
- 18.25 QI
- 18.55 Top Gear
- 19.45 Top Gear
- 21.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow
- 21.45 QI
- 22.15 Stewart Lee's Comedy Vehicle
- 22.50 Skavlan
- 23.40 The Graham Norton Show
- 00.25 Top Gear

DR 1

- 10.00 Vores Liv
- 10.30 Gintberg på kanten
- 11.00 DR Update - nyheder og vejr
- 11.10 21 Søndag
- 12.05 Cleo
- 12.35 Clement Søndag
- 14.00 DR Update - nyheder og vejr
- 14.10 Himmelblå
- 15.00 Den lille røde traktor
- 15.15 Tagkammerater
- 15.30 Peter Pedal
- 16.00 Hercule Poirot
- 16.50 DR Update - nyheder og vejr
- 17.00 Tæt på Dyrene
- 17.30 TV Avisen med Sport
- 18.05 Aftenshowet
- 19.00 Den frosne planet
- 19.50 Bag om den frosne planet
- 20.00 TV Avisen
- 20.25 Horisont
- 20.50 SportNyt
- 21.00 Lewis
- 22.35 OBS

NK1

- 12.35 Duften av nybakt
- 13.00 Nyheter
- 13.05 Norge rundt
- 13.30 Ut i naturen
- 14.00 Nyheter
- 14.10 Dallas
- 15.00 Nyheter
- 15.10 Jessica Fletcher
- 16.00 Nyheter
- 16.10 Bondeknolen
- 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 16.55 Nyheter på tegnspråk
- 17.00 Færkelvild
- 17.40 Distriktsnyheter
- 18.00 Dagsrevyen
- 18.45 Puls
- 19.15 Brenner - historier fra vårt land
- 19.55 Distriktsnyheter
- 20.00 Dagsrevyen 21
- 20.30 Taxi
- 21.15 Sinatra - stjemenes mørke side
- 22.00 Kveldsnytt
- 22.15 Taggart
- 23.25 Nytt på nytt
- 23.55 Viggo på lørdag

svt1

- 11.15 Sportspegeln
- 11.45 Kulörta lyktor
- 12.10 Från Lark Rise till Candleford
- 13.10 Domaren
- 15.00 Rapport
- 15.05 Gomorron Sverige
- 15.55 Engelska Antikrundan
- 16.55 Sportnytt
- 17.00 Rapport
- 17.10 Regionala nyheter
- 17.15 Fråga doktorn
- 18.00 Kulturmytterna
- 18.15 Regionala nyheter
- 18.30 Rapport
- 19.00 Från Lark Rise till Candleford
- 20.00 Anno 1790
- 21.00 Medialized
- 21.30 Skolfrent
- 22.00 Pojkskolan med Gareth Malone
- 23.00 Starke man
- 23.30 Rapport
- 23.35 En idiot på resa
- 00.20 Rapport
- 00.25 Damages

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
- 20.30 Golf fyrir alla 2
- 21.00 Frumkvöðlar
- 21.30 Eldhús lambsins

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM						
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útlit Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útlit Latibær	FM 105,5 Útlit Boðun

Bókakonfekt á CAFÉ ROSENBERG

ÞRIÐJA KVÖLDIÐ Í UPPLÉSTRARÖÐ FORLAGSINS VERÐUR MÁNUDAGINN 14. NÓVEMBER KL. 20:30



HUGLEIKUR DAGSSON



LÓA HLÍN HJALMTÝSDÓTTIR



KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR



SIGURÐUR PÁLSSON



ANTON HELGI JÓNSSON



JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR



BJÖRG ÁRNADÓTTIR / JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR / BJARNI KARLSSON



FYRSTU HUNDRAÐ GESTIRNIR FÁ FRÍAN DRYKK ÓKEYPIS AÐGANGUR

STURTU- OG BADHURÐAR

með hertu öryggisgleri



Vorum að fá nýja sendingu af sturtuhurðum



OASIS STURTUHURÐ
ÁN BOTNS
80 cm verð kr. **86.900.-**
90 cm verð kr. **89.900.-**

BLADY STURTHURÐ
ÁN BOTNS
80 cm verð kr. **56.900.-**
90 cm verð kr. **58.900.-**



Gæðavara á frábæru verði.

STAR STURTUHORN ÁN BOTNS
80 cm verð kr. **68.000.-**
90 cm verð kr. **69.000.-**

FLIPPER BADHURÐ 85X140 CM
Verð kr. **29.900.-**

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050



„Undir venjulegum kringumstæðum borða ég músli með lífrænni jógúrt. En þar sem ég er búin að vera í Kaupmannahöfn undanfarna daga hefur rúgbrauð með alls konar osti og sultum orðið fyrir valinu í morgunmat.“

Natalie G. Gunnarsdóttir plötusnúður

Óttar Guðnason vinnur með John Cusack

Óttar Guðnason verður, samkvæmt vefsíðunni imdb.com, kvikmyndatökumaður á hasarmyndinni The Numbers Station eftir danska leikstjórnann Kasper Barfoed. Meðal framleiðenda eru bræðurnir Bryan Furst og Sean Furst, en þeir eiga meðal annars endurgerðarréttinn að Mýrinni eftir Baltasar Kormák.

Nýlega var greint frá því að John Cusack hefði tekið við aðalhlutverkinu af Ethan Hawke en leiðir Cusack og Óttars hafa áður átt að liggja saman; Cusack átti að leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Stopping Power eftir Jan De Bont þar sem Óttar átti að stjórna

kvikmyndatökunum. Hætt var við þá mynd vegna þess hversu erfiðlega gekk að fjármagna myndina. Aðalkvenhlutverkið verður í höndunum á Malin Akerman, sem kvikmyndasérfræðingar ættu að þekkja úr kvikmyndunum Couples Reatreat, 27 Dresses og Heartbreak Kid, en þar lék hún sérvitra unnustu Ben Stiller. Hún er jafnframt sögð eiga að taka við hlutverki Lindu Lovelace af sjálfri Lindsay Lohan.

Þetta verður ekki fyrsta Hollywood-kvikmynd Óttars því hann sá um kvikmyndatökuna í Love, Wedding, Marriage eftir Dermot Mulroney og Inhale eftir Baltas-

ar Kormák. Hann átti jafnframt í fyrria að sjá um kvikmyndatökuna í stórmyndinni Mulan sem De Bont átti að leikstýra en sú mynd var slegin af eftir töluverðan undirbúning.

- fgg

STÓRSTJÖRNUR ÓTTARS

Óttar Guðnason verður væntanlega tókumaður í hasarmyndinni The Numbers Station eftir danska leikstjórnann Kasper Barfoed. Aðalhlutverkin verða í höndunum á John Cusack og Malin Akerman.



Áfram kvikmynda-perlur á mánudögum

Mánudagsbíó hefur göngu sína á ný í kvöld þegar gamanmyndin Coming to America frá 1988 verður sýnd í stóra sal Háskólalíós. Mánudagsbíó er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólalíós í tilefni aldar og hálftrar aldar afmæla stofnananna þar sem rykið er dustað af misgömlum en ástsælum perlum kvikmyndasögunnar.

Þrettán myndir voru sýndar á vormánuðum við feykigóðar undirtektir og segir Björg Magnúsdóttir, verkefnisstjóri hjá HÍ, vinsældirnar hafa verið slíkar að ekki hafi verið hjá því komist að sýna nokkrar myndir í viðbót.

„Þetta mæltist virkilega vel fyrir. Eftirminnilegasta sýningin sem ég fór á var Dirty Dancing. Á þá sýningu var löngu uppselt og stemningin í salnum áþreifanleg. Háskóladansinn var búinn að æfa lokadansatriðið í myndinni og fór upp á svið og lék það eftir. Fagnaðarlátunum í lok sýningarinnar ætlaði aldrei að linna – það má segja að biógestir hafi kosið þetta framtak með lófnum með þeim viðbrögðum,“ segir Björg, sem segist munu geta uppljóstrað um hinar þrjár myndirnar sem einnig verða sýndar í vetur um



ELSKAR MÁNUDAGA Björg segir verkefnið hafa hlotið heitið Mánudagsbíó því á árdögum sínum sýndi Háskólalíó eingöngu myndir á þeim dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

leið og tilskilin leyfi hafa fengist. „Það eru dúndurgóðar myndir í deigluinni, ég get alveg lofað því.“ Sýningin í kvöld hefst klukkan 20 og miðaverð er 500 krónur.

- bb

GÍSLI D. REYNISSON: FYRSTUR Á TÖKUSTAÐ OG SÍÐASTUR HEIM

Hýsir leikara uppi á jökli í 25 fermetra gámahúsum

„Þeir eru aðallega að hugsa um gámahúsin. Ég get sett þau niður hvar sem er og er með hita á þeim þannig að leikararnir geta farið inn og ornað sér þegar þeir eiga stund milli stríða. Og svo er ég búinn að innrétta eldhús í eitt þeirra,“ segir Gísli D. Reynisson, eigandi Mýrdælings, fyrirtækis sem sérhæfir sig í ansi fjölbreytilegum verkefnum í Vík og næsta nágrenni.

Gísli og fyrirtæki hans verða þannig tókuliði Game of Thrones innan handar, en tukur hefjast í lok þessa mánaðar fyrir austan; fyrst við Skálafellsjökul og svo á Höfðabrekkuheiði. Gámarnir sem um ræðir eru fjögurra metra langir en þegar hliðarnar hafa verið felldar út og öllu tjaldað til eru þeir eins og 25 fermetra hús. Gísli er eldri en tvívetra í þessum bransa og hóf að aðstoða kvikmyndatökufólk fyrir tíu árum. Vík og nágrenni hefur verið vinsæll tókustaður hjá erlendu kvikmyndagerðarfólki og Gísli því unnið við kvikmyndir á borð við Batman Begins, Tomb Rider og Die Another Day. „Maður er bara að reyna skapa sér eitthvað meðfram öðrum verkefnum, ég byrjaði á því að kaupa trukka sem henta mjög vel í þetta og þeim fylgdu þessi hús,“ segir Gísli og reynir að gera lítið úr sínum hlut í þessum stóru Hollywood-kvikmyndum þótt húsin hans hafi örugglega reynst hin besta vin uppi á íslenska hálendinu.

Verkefnið sem fylgja kvikmyndagerðinni eru æði fjölbreytt og þannig hefur Gísli yfir að ráða tankbíl, en hann kemst nánast hvert á land sem er. Eins og önnur farartæki Gísla. „Stundum þarf að bleyta og rykbinda fyrir tukur og stundum þarf að framleiða snjó



GÍSLI OG TRUKKARNIR

Gísli D. Reynisson keypti truckana og með þeim fylgdu gámahús sem hægt er að setja upp hvar sem er. Þeir hafa séð um að hýsa leikara við erfiðar aðstæður eins og myndirnar bera með sér.

uppi á jökli. Þá kemur tankbíllinn að góðum notum,“ útskýrir Gísli og viðurkennir að hann hlakki mikið til að sjá Prometheus eftir Ridley Scott sem tekin var upp hér á landi í sumar. „Þar var gríðarlega flott leikmynd og það verður forvitnilegt að sjá hvernig hún kemur út á hvíta tjaldinu.“

En starf Gísla er síður en svo auðvelt og vinnudagarnir geta verið ansi langir, stundum tuttugu klukkustundir. „Ég þarf að vera fyrstur á tókustað til að setja allt upp og svo síðastur í burtu þegar allt er búið. En þetta getur verið þrælgaman inni á milli.“

freyrgija@frettabladid.is

HJÁLP Í NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálpar Íslands sem leitar nú eftir stuðningi landsmanna.

Við hringjum fljótlega í þig.
Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.

Fjölskylduhjálpar Íslands

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFNAHANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU: JÓLALIÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASHÚR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:
Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429, gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is

Hljóðrituðu bestu lögin aftur

„Við ákváðum að fara þessa leið til að samræma hljóminn, Paparnir hljóma allt öðruvísi í dag en þeir gerðu fyrir nokkrum árum,“ segir Matthías Matthíasson, oftast kallaður Matti eða Matti í Pöpunum.

Hljómsveitin Papar gefur út svokallað „best of“-safn um mánaðamótin, sem telst vart til sérstakra tíðinda nema ef ekki væri fyrir þá staðreynd að hljómsveitin fór í hljóðver og tók bestu lögin upp á ný. „Við hlustuðum á lögin og áttuðum okkur á því að það væri svo lítið erfitt að gefa fólki heildarmynd af Pöpunum, þannig að við gerðum þetta bara á þennan hátt og fáum fullt af góðum gestum með okkur.“

Fyrir tveimur árum spratt upp sérkennileg deila þegar tveir af stofnmeðlimum Papa töldu sig geta endurstofnað hljómsveitina og hófu að spila undir merkjum sveitarinnar. Núverandi meðlimir hljómsveitarinnar sættu sig

ekki við þetta og fengu lögbann á nafnið og var endurvakta sveitin að lokum skírð Hrafnar. Matti þvertur fyrir að sú deila snerti eitthvað þá ákvörðun að þeir fóru í hljóðver á ný. „Það hefur aldrei verið neitt vandamál með útgefna efnið okkar, það hefur verið bara verið í höndunum á útgáfufyrirtækjunum.“

Það telst hins vegar til tíðinda að Bergsveinn Árelíusson, sem eitt sinn var söngvari Sóldaggar, syngur meir en helming laganna á safndisknum, hann og Matti skipta því með sér verkum. Matti viðurkennir að breytingar séu í nánd. „Við erum kannski að undirbúa fólk undir það að ég verði minna með Pöpunum og að maður verði meira bara Matti Matt en Matti í Pöpunum. Það er farið að bitna á hljómsveitinni hvað ég hef mikið að gera á öðrum sviðum og Beggi þekkir þetta eins og lófann á sér.“

- fgg



BARA MATTI MATT Aðdáendur Papa geta farið að undirbúa sig undir það að Matti, oftast kenndur við Papa, verði bara Matti eða Matti Matt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÝTT!

Nicotinell Tropical Fruit



AUÐVELDAR ÞÉR AÐ HÆTTA REYKINGUM
NÝTT OG FRÍSKANDI
ÁVAXTABRAGÐ

 Nicotinell er samstarfsaðili
Krabbameinsfélagsins

Lesið vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínólacrállín). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lífrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Cruise eins og drottningin

Breska dagblaðið The Guardian birti fyrir helgi viðtal við Jónsa og Georg í Sigur Rós. Tilefnið er útgáfa tónleikaplötunnar INNI, en strákarnir fara um víðan völl í viðtalinu. Þeir tala meðal annars um að hljómsveitin ætli í aðrar átti í framtíðinni og að gamla efnið verði aldrei endurgert. Þá tala þeir um partí sem þeir fóru í upp úr aldamótum þegar kvikmyndin Vanilla Sky, með Tom Cruise í aðalhlutverki, kom út. Lagið Svefn-g-Englar var í myndinni og Jónsi segir það hafa verið eins og að hitta drottninguna að hitta Cruise, sem hafi verið agnarsmár, eins og þáverandi kærastan, Penelope Cruz.



Í fótspor Jolie-Pitt

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að hljómsveitin Feldberg hefði haldið utan til Japans til að koma þar fram á nokkrum tónleikum. Þau Einar Tönsberg og Rósa Birgitta Ísfeld lentu í Tókýó skömmu á eftir Jolie-Pitt fjölskyldunni, en heim-sókn Angelínu Jolie og Brad Pitt og barna þeirra vakti mikla athygli fréttamiðla víða um heim. Skömmu síðar fóru Einar og Rósa að kaupa fatnað á börn sín í barnaversluninni Kiddy Land og fréttu af því að Jolie-Pitt fjölskyldan hefði verið þar stuttu áður. Tónleikar Feldberg í Tókýó gengu vel og flaug Einar aftur heim í gær á meðan Rósa hyggst dvelja í Japan í nokkrar vikur til viðbótar og kynna landi og þjóð betur.

- afb, sm



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Dirty Night fór fram á Players þrátt fyrir kærú...
- 2 Ég held að það blundi illska í öllum
- 3 Handtóku eiturfyljaklíkur
- 4 Grét yfir bóarskrifunum
- 5 Tónleikum Costello í Hörpu frestað

Office1

Fyrirtækjþjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI

550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

SKEMMTISIGLINGAR

- Fljótandi lúxushótel

URVAL ÚTSÝN

Tilhugsunin um fljótandi lúxushótel sem líður á milli áfangastaða er freistandi. Með því að fara í skemmtisiglingu vaknar þú daglega á nýjum og spennandi áfangastað. Dýrindis matur er í boði allan daginn og langt fram á nótt og um borð er ótrúlega margt til skemmtunar. Úrval Útsýn býður uppá úrval af spennandi ferðum og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Ferðalag með skemmtiferðaskipi er ógleymanlegt ævintýri sem allir ættu að upplifa!

Adventure of the Seas

MÍÐJARÐARHAFIÐ - VALENCIA ★★★★★



Saga og menning

14. – 26. júní 2012
Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson

Í þessari ferð verður siglt frá Valencia á Spáni, um Miðjarðarhafið og komið til Róm, Florence/Pisa og þaðan er síðan siglt yfir til Corsicu og komið á land í Ajaccio. Eftir heilan dag á siglingu er síðan aftur komið til Spánar og farið í land í Malaga og þaðan aftur til Valencia. Dvalið er í þrjár nætur í Valencia fyrir siglingu og 2 nætur í Alicante eftir siglingu. Borgirnar sem við heimsækjum eiga sér mikla menningu og sögu sem við munum skyggast í. Flogið verður til og frá Alicante og gist í þrjár nætur á Vincci Palace í Valencia áður en haldið er í siglinguna. Í lok ferðar er gist í 2 nætur á Melia Hotel í Alicante.

Áfangastaðir: Valencia – Róm – Flórens/Písa – Ajaccio – Malaga – Valencia.



VERÐDÆMI: 359.900.-
á mann m.v. gistingu í tvíbýli í innri klefa.

Independent of the Seas

SOUTHAMPTON - LE HAVRE ★★★★★



Hagstætt verð!
Tilvalið fyrir hópa!

Dagsetning:
1. – 15. maí 2012

Í þessari ferð verður siglt frá Southampton á Englandi til Frakklands þar sem skipið leggst við bryggju í Le Havre. Þaðan er boðið upp á ferðir um næsta nágrenni og einnig til Parísar. Þrjár nætur af munaði, skemmtun og menningu í einu glæsilegasta skemmtiferðaskipi heims. Þetta glæsilega skip er búið nær öllu sem hugurinn gírnist. Siglt til Frakklands og möguleiki á að skoða sig um í fallegum frönskum bæjum eða að skella sér í dagsferð til Parísar. Þeir sem heldur vilja vera um borð í skipinu og njóta alls þessa þar er í boði geta einnig valið um það. Gist er fyrstu nóttina á London Gatwick.

Áfangastaðir: Southampton, England - Le Havre, Frakkland - Southampton, England



VERÐDÆMI: 149.900.-
á mann m.v. gistingu í tvíbýli í innri klefa.

Brilliance of the Seas

DUBAI - OMAN - RÓM ★★★★★



18 daga lúxus á framandi slóðum!

Dagsetning:
18. apríl – 4. maí 2012

18 daga ævintýri á framandi áfangastaði og algjörum lúxus! Úrval Útsýn kynnir fræðandi, skemmtilega og mjög fjölbreytta siglingu með Brilliance of the Seas frá Royal Caribbean skipafélaginu. Flogið er til Dubai í gegnum London og dvalið þar í 2 nætur áður en haldið er um borð í skipið.

Vistarverur eru með tvíbreiðu rúmi eða tveimur einstaklingsrúmum, setustofu, sjónvarpi, minibar og öryggishólfi. Val um gistingu í innri, ytri- eða klefa með svölum. Allt fæði um borð er innifalið.

Áfangastaðir: Dubai – Oman – Jórdanía – Safaka – Sharm El Sheikh – Alexandria – Róm



VERÐDÆMI: 446.900.-
á mann m.v. gistingu í tvíbýli í innri klefa.

Celebrity Silhouette

SUÐUR-KARÍBAHAF OG NEW YORK ★★★★★



Lúxus alla leið!

Dagsetning:
28. mars – 11. apríl 2012

Skipið var sjósett 23. júlí 2011 og er því nýjasta skipið í flota þessa glæsilega skipafélags en þar er aðbúnaður í hæsta gæðaflokki. Dvalið verður í eina nótt í New York áður en haldið er suður á bóginn í áttina að Karíbahafi. Fyrsta stöpp er eyjan St. Thomas, en þar er ein af topp 10 fallegustu ströndum heims. Þaðan er siglt til eyjanna St. Kitts og St. Lucia. Á áttunda degi er komið að eyjunni St. Johns í Antigua og þaðan siglt yfir til St. Maarten. Góður tími gefst til að njóta þjónustunnar um borð áður en haldið er aftur í átt til New York. Ómissandi er að vera uppá dekki við brottför og komu í New York. Útsýnið yfir neðri hluta Manhattan er stórbrotið.

Áfangastaðir: New York - St. Thomas - St. Kitts - St. Luci - Antigua, St Maarten - New York



VERÐDÆMI: 349.900.-
á mann m.v. gistingu í tvíbýli í innri klefa.